

Ársskýrsla UMSK 2021

98. ársþing 28. apríl 2022





Skýrslan

Skýrsla 2021, lögð fram á 98. ársþingi Ungmennasambands Kjalarnespings var unnin á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni í apríl 2022.

Umbrot og hönnun: Magnús Óskarsson

Höfundar efnis: Valdimar Gunnarsson • Jón Aðalsteinn Bergsveinsson • Guðmundur Sigurbergsson • Aðildarfélög UMSK

Ljósmyndir: Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSÍ, Eva Björk, Agnes Suto og frá félögum.

Prentun: Litlaprent.

UMSK

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	5
Stjórn	6
Fjöldi þingfulltrúa	7
Aðildarfélög UMSK	8
Úr starfi UMSK	11
Fjöldi iðkenda eftir íþróttagreinum.....	12
Viðurkenningar	13
Lottó og getraunir	14
Sjóðir UMSK	16
Fréttapunktur ÍSÍ	19
Fréttapunktur UMFÍ.....	22
Frá félögunum	26
Reikningar 2021	38



Ávarp formanns

Velkomin á 98. ársþing UMSK



Vorið er komið og grundirnar gróa. Með hækkandi sól verða ákveðin kaflaskipti í íþróttalífinu. Starfseminn flyst í auknum mæli út fyrir hússins dyr og verður sýnilegri. Vetrariþróttir fá kærkomna hvíld. Undanfarið ár hefur verið íþróttahreyfingunni þungt í skauti. Alheimsfarandur með tilheyrandi samkomutakmörkunum kom illa við allt íþróttastarf í landinu. Það eru ekki bara æfingar sem röskuðust heldur riðlaðist allt mótahald með einum eða öðrum hætti. Samkomutakmarkanir höfðu bein áhrif á áhorfendafjölda og víða varð að fella niður æfingamót yngstu iðkendanna. Fjárhagur margra félaga beið umtalsverða hnekki af þessum sökum.

Einn stærsti bakhjarl íþróttahreyfingarinnar, Íslensk Getspá, sýndi og sannaði enn hversu öflugur stuðningsaðili hún er íþróttalífi landsins með því að greiða út 500 milljón króna viðbótararð til eignaraðila sinna á síðasta ári. Kemur greiðslan til viðbótar hefðbundnum greiðslum og munar þar svo sannarlega um minna. Einnig hafa stjórnvöld stutt við íþróttastarf með myndarlegum fjárframlögum og ber að þakka þann stuðning.

Á þessu ári verður UMSK 100 ára. Ákveðið hefur verið að fagna afmælinu með því að halda veglega viðburði í sveitarfélögum á félagssvæði UMSK í sumari. Viðburðirnir verða í samvinnu við aðildarfélögin og Ungmennafélag Íslands undir hatti Íþróttaveislu UMFÍ. Mikið er lagt í þessa viðburði og það haft að markmiði að fólk á öllum aldri geti komið saman og stundað holla og skemmtilega hreyfingu sér til gleði og heilsubótar. Undirbúningurinn gengur vel undir styrkri

stjórn Valdimars Smára Gunnarssonar framkvæmdastjóra sambandsins og verða viðburðunum gerð betri skil þegar nær dregur.

Afmælið sjálft er svo 19. nóvember og verður því fagnað með viðeigandi hætti.

UMSK er stærsta héraðssamband landsins með 115.851 félagsmenn og 36.612 iðkendur. Innan raða sambandsins eru margt framúrskarandi afreksfólk sem náð hefur frábærum árangri. Of langt er að telja upp alla þá sem náðu frábærum árangri en mig langar þó til að nefna sérstaklega Íslenska kvennaliðið í hópfimleikum sem náði þeim frábæra árangri að tryggja sér Evrópumeistarartitil. Hópurinn samanstendur af fimleikakönnum úr Gerplu og Stjörnunni. Mig langar einnig til að nefna kvennalið Breiðabliks sem náði þeim eftirtektarverða árangri að komast fyrst Íslenskra liða í riðlakeppni meistara-deildarinnar í fótbolta.

Eins og áður segir náði fjölmargt afreksfólk innan raða UMSK frábærum árangri á árinu 2021. Eg óska hverjum og einum innilega til hamingju með árangurinn og hvet þau til frekari dáða.

Því má þó ekki gleyma að bak við frábæran árangur á keppnisvellinum stendur mikill fjöldi sjálfboðaliða sem með framlagi sínu er undirstaða frábærs árangurs. Ég vil færa þessu fólki kveðjur og þakkir fyrir ómetanlegt framlag.

Ég vil að lokum þakka stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélögum UMSK gott samstarf á árinu og vona að afmælisárið reynist okkur öllum heillarákt.

Stjórn UMSK

**Formaður:**

Guðmundur Sigurbergsson.
Lindasmári 57, 201 Kópavogur

**Varaformaður:**

Lárus B. Lárusson.
Sævargörðum 11, 170 Seltjarnarnesi

**Gjaldkeri:**

Þorsteinn Þorbergsson.
Ásbúð 3, 210 Garðabæ

**Ritari:**

Halla Garðarsdóttir
Kópavogsbarð 5, 203 Kópavogur

**Meðstjórnandi:**

Pétur Örn Magnússon
Gulapíng 52, 203 Kópavogur

**Varastjórn:**

Geirarður Long
Reykjabyggð 28, 270 Mosfellsbæ

**Varastjórn:**

Rakel Másdóttir
Digranesvegur 24, 200 Kópavogur

**Varastjórn:**

Margrét Dögg Halldórsdóttir
Klapparhlíð 34, 270 Mosfellsbær

**Framkvæmdastjóri:**

Valdimar Smári Gunnarsson.
umsk@umsk.is • sími 5144090 / 8948503

Dagskrá 98. ársþings UMSK

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið.
25. Þingslit.

Fjöldi þingfulltrúa á 98. ársþingi UMSK 2022

Félög Fjöldi þingfulltrúa

UMFÁ	3
Sóti	1
Golfklubbur Álfanes	2
Stjarnan	9
Golfkl. Oddur	9
Knattspyrnufélag Garðabæjar	1
Tennisfélag Garðabæjar	2
Hestamannaf. Spretur	9
Judófélag Garðabæjar	1
Lyftingafélag Garðabæjar	1
Hestamannaf. Adam	1
Stálúlfur	2
Breiðablik	9
Gerpla	9
HK	9
Ýmir	3
GKG	9
Vatnaliljur/Knattsp.f. Kópavogs	1
Skotíþróttafélag Kópavogs	5
Tennisf. Kópavogs	9
Augnablik	1
Íþróttaf. aldraða Kópavogi	1
Hvönn www.hvonn.com	2
Glóðin	1
Dansíþróttafélag Kópavogs	9
Ísbjörninn	2

Félög Fjöldi þingfulltrúa

Bogfímifélagið Boginn.	8
Hnefaleikafélag Kópavogs	4
Lyftingafélag Kópavogs	1
Lyftingafélag Garðabæjar	1
Krökkettfélag Kópavogs	1
Hörður	5
Hvíti-Riddarinn	1
Afturelding	9
Motomos	2
Knattspyrnufélagið Álafoss	1
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	1
Golfklubbur Mosfellsbæjar	9
Gróttá	9
Nesklubburinn	7
Skylm. Seltj.n.	1
Rugbyfélagið Stormur	1
Knattspyrnufélagið Krian	1
Knattspyrnufélagið Skandinavia	1
Knattspyrnufélagið Smári	1
Knattspyrnufélag Bjarnastaða	1
Taikwondofélag Kópavogs	1
Dansíþróttafélagið Rúbin	1
Siglingafélagið Vogur	1
Hnefaleikafélagið Haförnninn	1
Knattspyrnuféla Miðbæjar	1
Karatefélag Garðabæjar	1



Aðildarfélag UMSK 2021



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Birna Kristín Jónsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 10.424
Fjöldi iðkenda: 3.012



Ýmir www.siglingafelag.is
Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Þorsteinn Aðalsteinsson
Fjöldi félagsmanna: 336
Fjöldi iðkenda: 320



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Kári Sölmundarson
Fjöldi félagsmanna: 2.573
Fjöldi iðkenda: 2.240



Riddarinn www.riddarinn.is
Hvítir Riddarinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Birgir Ragnarsson
Fjöldi félagsmanna: 145
Fjöldi iðkenda: 112



UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Álfatness
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Fjöldi félagsmanna: 1.827
Fjöldi iðkenda: 489



Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: desember 2014
Formaður: Kári Tryggvason
Fjöldi félagsmanna: 1.972
Fjöldi iðkenda: 1.644



Sóti www.hmfsoiti.com/
Hestamannafélagið Sóti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson
Fjöldi félagsmanna: 162
Fjöldi iðkenda: 162



Skyllingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Guðrún Jóhannsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 55
Fjöldi iðkenda: 52



Breiðablik www.breidablik.is
Breiðablik ungmenntafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Sveinn Gíslason
Fjöldi félagsmanna: 23080
Fjöldi iðkenda: 4.663



GKG www.gkg.is Golfklúbbur,
Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Guðmundur Oddsson
Fjöldi félagsmanna: 3.654
Fjöldi iðkenda: 2.580



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Kristinn Ólafsson
Fjöldi félagsmanna: 831
Fjöldi iðkenda: 831



ÍGK www.glod.is
Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 131
Fjöldi iðkenda: 125



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Ragnheiður M. Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 17.944
Fjöldi iðkenda: 2.680



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Margrét Dögg Halldórsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 648
Fjöldi iðkenda: 645



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Sigmar Sigurðarson
Fjöldi félagsmanna: 46
Fjöldi iðkenda: 39



GA www.golf.is/pages/klubbar/
klubbasíða
Golfklúbbur Álfatness
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Björn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 339
Fjöldi iðkenda: 303



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurgeir Gunnlaugsson
Fjöldi félagsmanna: 10.700
Fjöldi iðkenda: 4.625



Sprettur www.sprettur.is
Hestamannafélagið Sprettur,
Kópavogi/Garðabæ
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 1.722
Fjöldi iðkenda: 1.714



ÍAK
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson
Fjöldi félagsmanna: 115
Fjöldi iðkenda: 94



Motomos www.motomos.is
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Jóhann Aró
Fjöldi félagsmanna: 237
Fjöldi iðkenda: 237



Gróttan www.grottasport.is
Íþróttafélagið Gróttan, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Bragi Björnsson
Fjöldi félagsmanna: 16.721
Fjöldi iðkenda: 1.979



SFK
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Friðrik Goethe
Fjöldi félagsmanna: 546
Fjöldi iðkenda: 449



Hvönn www.hvonn.com
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hildur Ýr Arnardóttir
Fjöldi félagsmanna: 545
Fjöldi iðkenda: 545

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Fjöldi félagsmanna: 104
Fjöldi iðkenda: 82



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Pétur Örn Magnússon
Fjöldi félagsmanna: 14.904
Fjöldi iðkenda: 3.102



TFK www.tfk.is
Tennissfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 1.103
Fjöldi iðkenda: 1.095



DÍK www.dansari.is
Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1.825
Fjöldi iðkenda: 684



Tennissfélag Garðabæjar
www.tfg.is/
Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eypór Rafn Þórhallsson
Fjöldi félagsmanna: 350
Fjöldi iðkenda: 189



Knattspyrnufélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 99
Fjöldi iðkenda: 59



Hestamannafélagið Adam Kjós

www.kjos.is/felagasamtok/
hestamannafelagid-adam/
Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Óðinn Elísson
Fjöldi félagsmanna: 66
Fjöldi iðkenda: 66



Íþróttafélagið Stálúlfur

www.stalulfur.blogcentral.is
Kópavogi
Félagið stofnað 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Fjöldi félagsmanna: 158
Fjöldi iðkenda: 158



Judófélag Garðabæjar

www.jg.is
Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Björn Halldór Halldórsson
Fjöldi félagsmanna: 42
Fjöldi iðkenda: 42

Rugbyfélagið Stormur

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Birnir Orri Pétursson
Fjöldi félagsmanna: 28
Fjöldi iðkenda: 15



Bogfímifélagið Boginn

www.boginn.is
Kópavogi
Félagið stofnað: 10. Júlí 2012
Formaður: Oliver Ormar Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 1.116
Fjöldi iðkenda: 493



Knattspyrnufélagið Vatnaliljur

Kópavogi
Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Fjöldi félagsmanna: 98
Fjöldi iðkenda: 97



Knattspyrnufélagið Ísbjörninn

Kópavogi
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson
Fjöldi félagsmanna: 224
Fjöldi iðkenda: 94



Knattspyrnufélagið Krian

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 15. janúar 2014
Formaður: Ingólfur Þráinsson
Fjöldi félagsmanna: 110
Fjöldi iðkenda: 100



Hnefaleikafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 21. febrúar 2013
Formaður: Rúnar Svavarsson
Fjöldi félagsmanna: 562
Fjöldi iðkenda: 562



Lyftingafélag Garðabæjar

Félagið stofnað:
Formaður: Árni Björn Kristjánsson
Fjöldi félagsmanna: 125
Fjöldi iðkenda: 1.125



Krikketfélag Kópavogs

Félagið stofnað: 2015
Formaður: Jakob Robertson
Fjöldi félaga: 28
Fjöldi iðkenda: 28



Knattspyrnufélagið Álafoss

Félagið stofnað: 2017
Formaður: Patrekur Helgason
Fjöldi félaga: 108
Fjöldi iðkenda: 104



Lyftingafélag Kópavogs

Félagið stofnað:
Formaður: Jens Andri Fylkisson
Fjöldi félagsmanna: 141
Fjöldi iðkenda: 277

Taikwondofélag Kópavogs

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sigursteinn Snorrason
Fjöldi félagsmanna: 233
Fjöldi iðkenda: 233



Dansíþróttafélagið Rúbín

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Nikída Bazev
Fjöldi félagsmanna:
Fjöldi iðkenda:



Knattspyrnufélagið Smári

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sæþór Atli Harðarson
Fjöldi félagsmanna:
Fjöldi iðkenda:

Knattspyrnufélag Bjarnastaða

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Örn Ottesen
Fjöldi félagsmanna:
Fjöldi iðkenda:

Knattspyrnufélag Miðbæjar

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Joaquin Linares Cordoba
Fjöldi félagsmanna:
Fjöldi iðkenda:

Félög sem óska eftir inngöngu

Siglingafélagið Vogur

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Erlendur Kristjánsson
Fjöldi félagsmanna:
Fjöldi iðkenda:

Hnefaleikafélagið Haförn

Félagið stofnað: 2021
Formaður: Maksims Orlovs
Fjöldi félagsmanna:
Fjöldi iðkenda:

Karatefélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 2021
Formaður: Maksims Orlovs
Fjöldi félagsmanna:
Fjöldi iðkenda:





Úr starfi UMSK 2021

Þjónustumiðstöðin

Þjónustumiðstöð UMSK er í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík. Starfsmaður sambandsins er Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri. Þar er daglegum rekstri sambandsins stýrt og þjónustu við aðildarfélögin sinnt.

Íþróttaveislan sem aldrei varð

UMSK tók að sér framkvæmd á Íþróttaveislu UMFÍ 2020. Ekkert varð af henni það árið og framkvæm frestað fram á sumarið 2021 vegna Covid. Sama var upp á teningnum það sumar og framkvæmd frestað aftur um ár. Ákeið var samt að taka eitt verkefnið út og prófa í lok sumar með þá von að Covid yrði í rénun. Ekkert varð af því heldur og mikil vinna og kostnaður við undirbúning farin í súgningu.

Covid 19 - áhrifin á starfið

Heimsfaraldurinn setti mikinn svip á starfsemi sambandsins á árinu. Flest öll verkefni sambandsins voru felld niður eða framkvæmd með miklum takmörkunum. Sama má segja um mörg verkefni aðildarfélaganna og kemur það glöggst í ljós hve áhrif veirunnar hefur haft á starfsemina þegar við skoðum fjölda umsókna í sjóðina.



Dansmót UMSK

Dansmót UMSK var haldið í Kórnum 10. október. Það voru dansfélögin í Kópavogi sem höfðu umsýsningu með framkvæmd mótsins sem er orðið eitt glæsilegast dansmót sem haldið er á landinu. Það var Dansíþróttfélag Kópavogs sem var stighæst í stigkeppni mótsins.

Handboltamót UMSK

Handboltamót UMSK m.fl. karla 2021 var haldið í janúar 2022. Fjögur lið voru skráð til keppni Stjarnan, Afturelding, Hk og Grótt. Stjarnan datt út vegna Covitsmita og því voru einungis þrjú lið sem kepptu. Grótt stóð uppi sem sigurvegar og er því UMSK meistari 2021

Besti markmaður mótsins var valinn Einar Baldvin Baldvinsson Gróttu.

Besti sóknarmaðurinn var valinn Árni Bragi Eyjólfsson Aftureldingu.

Besti varnarmaðurinn var valinn Hannes Grimm Gróttu.



Skólablakkamót

UMSK stóð fyrir skólablakkamóti 2018 og 2019 í samstarfi við BLÍ. Mótið féll niður í Covid en 2021 fórum við í samstarf með BLÍ, ÍSÍ og UMFÍ og farið var með mótið um allt land. Á UMSK svæðinu var mótið haldið í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Söguritun

Saga UMSK hefur verið í smíðum síðustu fimm árin. Fyrstu tvö árin skrifaði Jón M. Ívarsson fyrstu 40 árin en þá tók Bjarki Bjarnason við og mun hann skila handriti að sögu sambandsins í sumar tilbúnu til útgáfu. Ætlunin er að gefa söguna út á afmæli sambandsins í nóvember.



Afmælisundirbúningur

Undirbúningur fyrir 100 ára afmæli UMSK hefur staðið yfir í vetur. Margt verður gert í sumar og haust sem mun svo enda með veislu á sjálfan afmældisdaginn í lok nóvember.

Stjórnarfundir

Stjórnin hefur haldið 10 stjórnarfundum á árinu. Margir fundir voru haldnir á Teams en aðrir fóru fram í fundarsölum Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal.

Formannafundur UMSK

Formannafundur UMSK var haldinn í nóvember þar sem m.a. samskiptaráðgjafinn kynnti störf sín, Virkni og vellíðan var kynnt, Almannaheillafrumvarpið krufið og lagaumhverfi íþróttahreyfingarinnar skoðað.

Fótboltafitness

Hafinn var undirbúningur að tilraunaverkefni sem tekið er frá Danmörku þar sem það hefur notið ótrúlegra vinsælda. Fótboltafitness er verkefni þar sem félögin bjóða uppá líkamsrækt þar sem æfingar úr fótboltanum eru notaðar til að koma fólki í gott form. Verkefnið fór svo af stað eftir áramót í Mosfellsbæ.



Eldriborgaraverkefnið Virkni og velliðan

Sambandið hefur unnið með félögum þremur í Kópavogi Breiðablik, HK og Gerplu í samtarfi með Kópavogsbæ að þjálfun eldri borgara. Verkefnið fór af stað nánast á sama tíma og Covid hóf innreið sína og komst því aldrei á fullt skrið fyrr en í vetur. Verkefnið fékk nafnið Virkni og velliðan og hefur gengið ótrúlega vel og er gott dæmi um að við eigum að taka að okkur aukna þjónustu við fleiri hópa í samfélagin en við erum að þjónusta í dag.



Skönnunarverkefni. Myndabanki ársskýrslur og þinggerðir

UMSK réði starfsmann í gegnum Vinnumálastofnun til að skanna myndir, ársskýrslur og þinggerðir. Allt þetta efni er nú aðgengilegt á heimasíðu sambandsins www.umsk.is

Skannið QR kóðann til þess að nálgast myndasafnið.

Fjöldi iðkenda eftir íþróttagreinum 2021/2020

Greinar	2021	2020
Almenningsíþróttir	1240	1086
Badminton	99	87
Bandy	98	99
Blak	771	666
Bogfimi	493	432
Borðtennis	160	157
Dans	1427	1386
Fimleikar	5096	5272
Frjálsar	348	262
Golf	7598	6571
Hanbolti	2524	2293
Hjólreiðar	494	184
Hnefaleikar	562	616
Fatlaðir	17	0
Karate	589	484
Knattspyrna	6614	7005
Kraftlyftingar	252	394
Karfa	1421	1396
Hestaíþróttir	2587	2484
Lyftingar	253	342
Motorsport	237	237
Rugby	15	15
Siglingar	230	209
Skák	200	197
Skíði	48	56
Skotfimi	449	401
Skylmingar	52	51
Sund	698	515
Taikwondo	587	315
Tennis	1284	1270
Þríþraut	169	140
	36612	34622



Allar viðurkenningar UMSK er að finna
á heimasíðu sambandsins www.umsk.is



Heiðursviðurkenningar



Viðurkenningar



97. ársþing 2021

UMSK



Nýr Formaður kosinn

Guðmundur Sigurbergsson var kosinn formaður á þinginu en hann hafði verið gjaldkeri sambandsins síðustu ár. Valdimar Leo Friðriksson lét þá af störfum eftir tuttugu ára setu í stjórninni.



Lið ársins

Kvennalið Breiðabliks í knattspyrnu



Hvatningaverðlaun

Klappstýrulið Stál-úlfs



Félagsmálaskjöldur

Bjarni Torfi Álfþórsson Gróttu.



Íþróttakarl og kona

Arnar Pétursson Breiðablik var valinn íþróttakarl UMSK Karen Sif Ársælsdóttir Breiðablik var valin íþróttakona UMSK.



Íþróttaping

Valdimar Leo Friðriksson sæmdur Heiðurskrossi ÍSí,



Kveðja frá ÍSí

Lárus Blöndal forseti ÍSí þakkar Valdimar Leo Friðrikssyni fyrir vel unnin störf.



Gullmerki UMSK

Valdimar Leo Friðriksson og Magnús Gíslason voru heiðraðir með gullmerki UMSK fyrir störf sín fyrir sambandið

Lottó 2021

Árið var mjög hagstætt íþróttahreyfingunni hvað varðar þátttöku í Lottóspilun. Tvisvar sinnum voru greiddar út aukagreiðslur á árinu til aðildarfélaganna vegna góðrar afkomu Getspár.


Heildar greiðsla til UMSK frá landssamtökunum UMFÍ og ÍSÍ hafa aldrei verið eins háar eða 160.527.852 krónur.

Lottóin er síðan skip út til félaga eftir Lottoreglugerð UMSK.

Reglugerð UMSK um Lottóúthlutun:

- 14% renna til sambandsins
- 7% renna til Afrekssjóðs UMSK
- 79% renna til aðildarféлага samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%)
 - þeim 79% sem koma í hlut félaga verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaga m.v. upplýsingar í FELIX.
 - iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

Lottó eftir sveitarfélögum



Mosfellsbær: 21.286.261 • Kópavogur: 66.926.699

Garðabær: 29.839.202 • Seltjarnarnes: 8.332.550 • Kjós: 431.967



Lottó á hvert aðildarfélag 2021

GKG	7.118.796
Sprettur	5.488.970
UMFB	1.823.945
Stjarnan	18.404.106
GÁ	682.738
Oddur	2.992.122
Sóti	509.569
KFG	224.267
TFG	762.225
Júðó Garð	245.558
Adam	431.967
Breidablik	18.965.286
HK	13.269.043
Ýmir	369.276
Gerpla	10.582.377
DÍK	2.911.853
Skotf. Kóp	650.068
TFK	3.363.644
Augnablik	565.092
ÍAK	133.129
Glóðin	130.297
Hvönn	2.110.244
Stálúlfur	225.187
Ísbjörninn	194.029
Stormur	24.077
Boginn	1.430.434
Vatnaliljur	188.364
Afturelding	13.984.409
Kjölur	3.843.657
Riddarinn	443.920
Hörður	2.119.127
Motom	601.028
Kraft Mos	294.120
Grótta	6.526.138
Skylm.Seltj.	166.363
GN	1.366.271
Hnefaleikaf.	2.181.057
Krían	273.778
Lyftingaf. Kópav.	919.160
Lyftingaf. Garð.	300.916



Getraunastarf íþróttafélaganna

Á tímum Covid reyndist erfitt að halda úti hefðbundnu getraunastarfi íþróttafélaganna þar sem stuðningsfólk mætir í félagsheimilið, spjallar, drekkur kaffi og tippar á enska getraunaseðilinn. Íþróttafélögin sýndu mikið hugmyndaflug við að halda úti getraunastarfinu og nýtt sér raf-ræna möguleika þar eins og annarstaðar í þjóðfélaginu.

Húspottur

Algengasta aðferðin er að búa til svokallaðan húspott og tippa á eitt húskerfi. Aðferðin felst í því að haft er samband við félagsfólk og það spurt hvort það vilji vera með í húspotti og leggja t.d. 1.000 krónur á viku í pottinn og taka þátt í 6-10 vikur. Upphæðin má vera að eigin vali, lægri eða hærri eftir vali hvers og eins og er tekin af kreditkorti viðkomandi. Eftir að húspotturinn er tilbúinn er tippað fyrir alla upphæðina á einn getraunaseðil. Líkurnar á vinningi eru hærri þar sem hægt er að tvítryggja og þrítryggja fleiri leiki með hærri upphæð. Enn fremur er hægt að velja áhugaverð getraunakerfi sem geta gefið góða vinninga.

Einfalt

Í félagakerfinu sem Getraunir láta íþróttafélögunum í té endurgjaldslaust, er einfalt að halda utanum innborganir félagsfólks. Í kerfinu er tippað á getraunaseðilinn og þegar úrslit eru ljós og vinningur kemur á seðilinn sér kerfið um að borga hverjum og einum sem þátt tók í húspottinum sinn vinning í réttu hlutfalli við þá upphæð sem hann lagði fram.

Að stofna húspott er einföld og skemmtileg fjáröflun fyrir íþróttafélögin sem tengir saman félagsfólk og getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt.

Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og aðstoðar íþróttafélögin sé eftir því leitað í síma 580-2500 eða í netfang phs@getspa.is

Hér eru efstu félögin innan UMSK sem fengu sölulaun og áheiti.

Heiti	útb. áheiti 2021	útb. aukaáheiti 2021	Samtals
Knattsp.d. Gróttu	78.199	0,00	78.199
Umf Breiðablik	1.011.371	167.968,00	1.179.339
Íþróttafélagið Gerpla	122.037	32.997,00	155.034
Handknattífélag Kópavogs	123.277	30.528,00	153.805
Umf. Stjarnan	209.603	51.562,00	261.165
Golfklúbbur Kópavogs og Garðab	57.050	0,00	57.050
Umf. Afturelding	184.980	38.350,00	223.330
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	39.214	10.764,00	49.978
Samtals:	1.825.731	332.169,00	2.157.900



Úthlutanir úr sjóðum sambandsins á árinu 2021



Þjálfarasjóður UMSK

Fjármagn fær sjóðurinn af tekjum UMSK og skal stjórn UMSK ákveða framlag í sjóðinn í fjárhagsáætlun hvers árs. Ekki er sérstakur umsóknarfrestur fyrir umsóknir í sjóðinn.

Umsóknir fyrir þjálfara eru opnar þjálfurum sem taka þátt í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Um er að ræða þjálfaranámskeið sem sársamböndin eru að beina sínum þjálfurum á, ráðstefnur eða heimsóknir þjálfara sem sannarlega sýnir fram á endurmenntunargildi ráðstefnu/heimsóknar. Sjóðsstjórn UMSK ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár.

Á árinu var úthlutað einum þjálfarstyrk að upphæð 50.000 krónur.

Afrekssjóður UMSK

Afrekssjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum þrisvar sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK. Í afrekssjóð UMSK geta félög, innan Kjalarnesþings, sótt um styrki fyrir sín iðkendur.

Umsóknir fyrir iðkendur eru opnar íþróttafólki sem tekur þátt í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum (innanlands og utan) og Ólympíuleikum. Einnig er opið í sjóðinn fyrir það íþróttafólk sem hefur afrekað eitthvað sérstakt í sinni íþróttagrein. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Ólympíu-, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóti.

Á árinu var úthlutað úr Afrekssjóði 110 styrkjum að upphæð kr. 25.000 hver styrkur.

Fræðslu og verkefnasjóður

Fjármagn fær sjóðurinn af tekjum UMSK og skal stjórn UMSK ákveða framlag í sjóðinn í fjárhagsáætlun hvers árs. Ekki er sérstakur umsóknarfrestur fyrir umsóknir í sjóðinn.

Fræðslu- og útbreiðslustyrkur íþróttafélaga er opinn þeim félögum sem standa fyrir ýmskonar fræðsluerindum eða sérstök verkefni aðildarfélag. Verkefnin geta verið margvísleg og mismunandi. Allar umsóknir eru metnar af sjóðsstjórn UMSK hverju sinni.

Á árinu voru sjö verkefnið styrkt að upphæð kr 1.130.000

Aðrir sjóðir sem félögin hafa tök á að sækja í

Íþróttasjóður ríkisins

Fyrir hverja?

Íþrótt- og ungmennafélög og fyrir þá sem starfa að útbreiðslu- og fræðsluverkefnum á sviði íþróttar. Einnig þá sem starfa að rannsóknum á sviði íþróttar.

Til hvers?

Styrkir eru ætlaðir íþrótt- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkara. Einnig eru styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna. Þá eru veittir styrkir til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu.

Umsóknarfrestur: 1. október ár hvert

Síðasta úthlutun (sótt um 1. okt 2021). Heildar úthlutun úr sjóðnum var 78 úthlutanir að upphæð kr. 22.990.000.

Sjö félög inna UMSK fengu úthlutað styrkjum að upphæð 1.740.000 kr.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagsshreyfingarinnar m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagsshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Umsóknarfrestir 1. maí og 1. nóvember.

Árið 2021 úthlutaði sjóðurinn 19.590.000 og fengu félög á UMSK svæðinu úthlutað 4.077.000 kr.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótt- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsókn á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum.

Umsóknarfrestur um styrk vegna keppnisferða innanlands á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót er í byrjun janúar ár hvert. Félög innan UMSK fengu samtals 12. 724.140 úthlutað vegna ferða á árinu 2021.

Hörður	1.724	Gróttá	1.057.307
GKG	63.736	Afturelding	1.489.456
Hvítí riddarinn	71.218	Breiðablik	2.892.001
Augnablik	301.807	HK	2.941.294
Álfntanes	806.097	Stjarnan	3.099.500









Fréttapunktur ÍSÍ

Árið 2021 var litað af áhrifum kórónuveirufaraldursins, líkt og árið þar á undan. Mikil orka fór í að hafa milligöngu á milli stjórnvalda, almanna- varna og embættis landlæknis og íþróttahreyfingarinnar um gildandi reglur í sóttvörnum og ýmsar úrlausnir í tengslum við viðspyrnuaðgerðir stjórnvalda vegna áhrifa og afleiðinga af COVID-19. Tilslakanir og herðingar á takmörkunum á samkomum vegna COVID-19 gengu á víxl og uppfærsla á upplýsingum og fræðslu var krefjandi. Við hverjar breytingar þurfti að uppfæra reglur samsambanda og sjá til þess að hreyfingin starfaði í takt við gildandi reglur hverju sinni.

Íþróttahreyfingin stóð sig einstaklega vel á þessum krefjandi tímum og á hrós skilið fyrir mikla þrautseigju og samstöðu á tímabilinu.

Vinnumálastofnun og ÍSÍ tóku höndum saman og unnu í sameiningu mótun verklags varðandi umsóknarferli endurgreiðslna til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna, úrræði sem félags- og barnamálaráðherra kom á laggirnar og Vinnumálastofnun var falin umsjón með. Það úrræði var gríðarlega mikilvæg stöð við rekstur íþróttahreyfingarinnar í landinu á tímum COVID-19.

Á vормánuðum 2020 gerði mennta- og menningarmálaráðherra samning við ÍSÍ um að allt að 450 m. króna yrði varið til íþróttahreyfingarinnar í fyrsta lið í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bæta það tjón sem einingar innan hennar urðu fyrir vegna afleiðinga kórónuveirufaraldursins. Var þeim fjármunum ráðstafað með tveimur mismunandi aðferðum og greitt til íþróttafélaga vorið 2020, svokallaðar almennar aðgerðir, og til íþróttafélaga, deilda, samsambanda og íþróttahæraða haustið 2020, svokallaðar sértækar aðgerðir. Í lok árs 2020 samþykkti Alþingi viðbótarframlag að upphæð kr. 300 m. króna til íþróttahreyfingarinnar til úthlutunar til íþróttafélaga sem starfrækja skipulagt íþróttastarf fyrir börn og unglinga 6-18 ára. Framlaginu var úthlutað í mars 2021 með almennum aðgerðum líkt og vorið 2020.

Vegna Covid-19 faraldursins setti félags- og barnamálaráðherra af stað sérstakt verkefni þar sem börn tekjulægri heimila eiga rétt á sérstökum íþrótt- og tómstundarstyrk á skólaárinu 2020-2021.

Íþróttaping ÍSÍ

Aðstæður vegna COVID-19 buðu ekki upp á að Íþróttaping ÍSÍ færi fram með hefðbundnum hætti í maí 2021 heldur var fyrri hluti þingsins haldinn sem fjarþing þar kosningar í stjórn fóru fram og greidd atkvæði um þau mál sem mögulegt var að ljúka í gegnum fjarþing. Þinginu var svo frestað til 9. október 2021 og fór seinni hluti þess fram þann dag í Gullhólmum í Grafarholti.

Á þinginu voru samþykktar breytingar á lögum ÍSÍ og ýmsar tillögur. Nánari upplýsingar um samþykktir þingsins og lög ÍSÍ með áorðnum breytingum er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Lárus L. Blöndal var endurkjörinn forseti ÍSÍ og kosið var um sjö stjórnarsæti. Í þau voru kjörin Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Úlfur Helgi Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson og Þórey Edda Elísdóttir. Fyrir í stjórn voru Ása Ólafsdóttir, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir og Olga Bjarnadóttir. Að auki var fulltrúi íþróttamannanefndar ÍSÍ, Ásdís Hjalmsdóttir Annerud, staðfest sem meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ til næstu tveggja ára.

Nýtt námsumhverfi fyrir fjarnám ÍSÍ

ÍSÍ og mörg sársambönd ÍSÍ hafa nú fært sig yfir í Canvas kennslukerfið með þjálfaramenntun sína. Með nýju kerfi komu ýmsar nýjungar og umbætur og möguleikar á frekari námsleiðum, til dæmis dómaramenntun. Góð aðsókn er að þjálfaramenntun ÍSÍ sem fer orðið mikið til fram sem fjarnám.

Nýtt skilakerfi fyrir starfsskýrslur ÍSÍ og UMFÍ

Sportabler hefur hannað nýtt skilakerfi fyrir starfsskýrsluskil ÍSÍ og UMFÍ og verður starfsskýrslum fyrir starfsárið 2021 skilað í nýja kerfinu á vormánuðum 2022. Kerfið er einfalt í notkun og vinnur vel með félagakerfi Sportabler en meirihluti félaga er nú þegar með það kerfi sem sitt félaga- og skráningakerfi.

Ólympískir viðburðir

Sumarólympíuleikarnir fóru fram í Tókýó í júlí 2021. Leikarnir voru um margt sérstakir en engir áhorfendur voru leyfðir á viðburðum leikanna. Strangar reglur giltu um sóttvarnir og ferðafrelsi þátttakenda var mjög skert vegna sóttvarnaaðgerða í Tókýó. Fjórir íslenskir keppendur tóku þátt í leikunum.

Smáþjóðaleikarnir fóru ekki fram á árinu 2021 og verða næstu leikar haldnir á Möltu 2023.

Vetrar- og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem áttu að fara fram á árinu 2021 var frestað til ársins 2022.



Framkvæmdastjórnarskipti

Liney Rut Halldórsdóttir hætti sem framkvæmdastjóri ÍSÍ 1. október 2021 eftir 20 ára starfsferil hjá sambandinu. Hún mun sinna áfram ráðgjafastarfi fyrir ÍSÍ. Andri Stefánsson var ráðinn nýr framkvæmdastjóri sambandsins þann 1. janúar 2022 en hann hefur starfað á skrifstofu ÍSÍ í 19 ár, fyrst sem sviðsstjóri Fræðslu- og útbreiðslusviðs ÍSÍ og síðar sem sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og staðgengill framkvæmdastjóra.

Afreksbúðir fyrir ungt og efnilegt

íþróttafólk

ÍSÍ stendur reglubundið fyrir afreksbúðum fyrir ungt og efnilegt íþróttafólk sársambanda ÍSÍ. Á árinu voru bæði haldnar rafrænar afreksbúðir og í Laugardalnum. Í búðunum eru tekin fyrir ýmis málefni sem varða íþróttadögun, svo sem svefn, næring og andleg liðan.

Verkefnið 5C

ÍSÍ, UMFÍ, KSÍ, FSÍ, HR og háskólinn í Loughborough í Englandi hlutu 30 m. króna styrk úr styrkjaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+ til verkefnisins 5C. Verkefnið snýst um að þjálfa fimm þætti í sálrænni og félagslegri færni barna og unglinga í íþróttum, rétt eins og þá líkamlegu. Þessir þættir eru skuldbinding, samskipti, sjálfsstraust, sjálfsagi og einbeiting. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum í september 2021.



Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSí úthlutaði 95 milljónum króna til íþrótta- og ungmennafélaga vegna keppnisferða ársins 2020. Vegna tilfærslna á keppnistímabili nokkurra stórra íþróttagreina frá árinu 2020 til ársins 2021 þá voru 32 milljónir af árlegu framlagi ríkisins til sjóðsins færðar á milli ára til að mæta auknum ferðalögum á árinu 2021.

Lyfjæftirlit

Nýjar alþjóðalyfjareglur tóku gildi 2. janúar 2021 og gilda þær næstu sex árin. Samhliða því tóku nýjar Lyfjareglur Lyfjæftirlits Íslands gildi, en þær byggja á Alþjóðalyfjareglunum. Einnig tók gildi nýr bannlisti WADA – Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar.

Fyrirmyndarhéruð, -félög og -deildir

ÍSí hélt áfram að votta íþróttahéruð, íþrótta- og ungmennafélög og deildir þeirra um allt land sem Fyrirmyndarhéruð, -félög og -deildir. Lista yfir þær einingar er að finna á heimasíðu ÍSí.

Málþing og ráðstefnur

Málþing og ráðstefnur voru nokkrar á árinu 2021, svo sem málþing um

trans og intersex fólk og íþróttir, ráðstefnan Íþróttir eru fyrir alla í samstarfi við ÍBR, UMFÍ, HR og RIG, sem og Málþing um rafleiki/rafíþróttir og íþróttaheyringuna, svo eitthvað sé nefnt. Einnig var haldið námskeið í stjórnendabjálfun í september sl. sem styrkt var af Ólympíusamhjálpinni. Fjölbreytt fræðslufni er að finna á heimasíðu ÍSí, m.a. fræðslubæklinga á ýmsum tungumálum fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna.

Þrír útnefndir í Heiðurshöll ÍSí

Á árinu 2021 voru þrír einstaklingar útnefndir í Heiðurshöll ÍSí. Á Íþróttaþingi ÍSí í október voru tvíburabæðurnir og frjalsíþróttakapparnir Örn og Haukur Clausen útnefndir og Einar Vilhjálmsson spjótkastari var útnefndur í höllina 29. desember sl.

Samskiptaráðgjafi

ÍSí hefur átt gott samstarf við samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs á árinu, en ráðgjafinn fór með kynningarfundir víða um land þar sem hlutverk embættisins var kynnt. Embættið vinnur afar mikilvægt starf í þágu íþróttaheyringarinnar og ÍSí hvetur alla í íþróttaheyringunni til að nýta sér þjónustu samskiptaráðgjafa, ef þurfa þykir.

Almenningsíþróttir

ÍSí stóð fyrir ýmsum viðburðum á sviði almenningsíþrótta á árinu, líkt og fyrri ár. Lífshlaupið, Göngum í skólann, Hjólað í vinnuna, Kvinnahlaup ÍSí, Ólympíuhlaupið og Íþróttafólk Evrópu fóru fram þrátt fyrir COVID-19 en faraldurinn hafði áhrif á þátttökufjöldann í sumum þessara verkefna. Metþátttaka var þó í Lífshlaupinu og í Göngum í skólann, sem var sérstaklega ánægjulegt í þessu árferði. Íþróttafólk Evrópu var að þessu sinni haldin í samstarfi við íþróttahéruðin í landinu og sveitarfélög og mæltist sú breyting vel fyrir. Blaksamband Íslands, Evrópska blaksambandið, ÍSí, UMFÍ og blakfélagin í landinu stóðu fyrir viðburðinum Skólablak, fyrir grunnskólakrakka í 4.-6. bekk um land allt. ÍSí kom að verkefninu með styrk frá Evrópusambandinu, í tengslum við Íþróttafólk Evrópu.

ÍSí og Sundsamband Íslands stóðu fyrir landsátaki í sundi í nóvembermánuði. Um var að ræða heilsu- og hvatningaráttak allra landsmanna, sem tókst sérdeilis vel. Vegalengdirnar sem landsmenn syntu í nóvember samsvöruðu ríflega 11 hringjum í kringum landið.



Fréttapunktur **UMFÍ**



COVID-faraldurinn var í aðalhlutverki árið 2021 og var þetta annað árið í röð sem hann setur mark sitt á íþróttastarf á árinu. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður lét íþróttafólk ástandið ekki á sig fá. Þvert á móti var gripið til ýmissa hugvitsamlegra ráða til að leysa úr flóknu viðfangsefni. Tíminn í faraldrinum var nýttur til að leggja grunn að fjölmörgu frábæru. Uppskorið verður á þessu ári þar sem ýmsir viðburðir verða að veruleika.

Mótahald UMFÍ

Þrjú mót voru á dagskrá UMFÍ sumarið 2021 rétt eins og árið áður. Það var áfall fyrir marga þegar mótunum varð að fresta. Landsmót UMFÍ 50+ átti að vera í Borgarnesi í lok júní, Íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi viku síðar og Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina.

Allir eru nú komnir í girinn til að halda mótin á þessu ári og spennan fyrir sumrinu orðin svakaleg

Íþróttaveisla UMFÍ

Íþróttaveislan er haldin á sambandssvæði Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) í tilefni af 100 ára afmæli þess. Íþróttaveislan samanstendur af fjórum frábærum viðburðum sem dreifast frá júní og fram í september

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Borgarnesi Jónsmessuhelgina 24. – 26. júní. Eins og allir þekkja er mótið blanda af íþróttakeppni og ýmsum viðburðum sem tengjast hreyfingu og samveru.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina. Mótið er fyrir þátttakendur á aldrinum 11-18 ára og geta allir tekið þátt sem áhuga hafa. Ekki er skilyrði að þátttakendur séu skráðir í íþróttakeða ungmennafélag. Búið er við þúsundum mótsgesta á mótið á Selfossi.

Ungmennabúðir UMFÍ

Ungmennabúðir UMFÍ eru á Laugarvatni. Þetta er stærsta einstaka verkefni UMFÍ. Þangað koma um 2.000 nemendur 9. bekkjar af öllu landinu á hverju ári, eignast nýjar og skemmtilegar minningar og styrkja vinaböndin. UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs og hefur ásóknin verið afar góð. Sambandsaðilar og aðildarfélag UMFÍ hafa jafnframt fengið húsnæðið fyrir æfingabúðir og ýmsa íþróttatengda viðburði.

Mannabreytingar urðu í Ungmennabúðunum árið 2021. Sigurður Guðmundsson tók við sem forstöðumaður af Önnu Margréti Tómasdóttur auk þess sem starfsfólki var fjölgað.

Fjárhagslegir bakhjarlar og stuðningur

Lottó og Getraunir

UMFÍ á 13,3% hlut í Íslenskri getspá og 20% hlut í Getraunum. Lottó- og getraunaleikir hafa reynst íþróttafélögum afar dýrmætir bakhjarlar og traustir stuðningsaðilar þegar gefið hefur á bátinn.

Íslensk getspá greiddi eigendum sínum 1,9 milljarða króna árið 2021 auk m.a. 300 milljóna króna aukagreiðslu. Þar af fengu sambandsaðilar UMFÍ í heildina 237 milljónir króna í reglulegri lottóúthlutun. Þetta var 55 milljóna króna hækkun á milli ára. Auk þessa greiddu Getraunir 60 milljónir króna alveg aukalega beint til íþróttafélaga vegna góðrar afkomu fyrirtækisins.

Félagsmálaráðuneytið styrkir íþróttastarf

Í desember 2020 gerði félagsmálaráðuneytið samkomulag við ÍSÍ og UMFÍ um 17 milljóna króna styrkveitingu. Samkomulagið fól annars vegar í sér þátttöku fulltrúa frá ÍSÍ og UMFÍ í stýrihópi á vegum félagsmálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aðgerðir sem stuðlað geta að þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi.

Hins vegar var um að ræða stuðning við skipulagt íþrótt- og tómsundastarf. ÍSÍ og UMFÍ var falið að leiða verkefni sem felur í sér að þeir aðilar

sem bjóða upp á skipulagt íþrótt- og tómsundastarf fyrir börn og ungmenni fái stuðning og fræðslu um það hvernig bæta megi upplifun barna og ungmenna sem koma í fyrsta sinn í skipulagt íþrótt- og tómsundastarf.

Betra félag

Heimasíðunni betrafelag.is er ætlað að vera þjónustu- og upplýsingavefur fyrir starfsemi íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingarinnar. Markhópur síðunnar er stjórnendur, starfsfólk og sjálfbóðaliðar íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingarinnar.

Stefnt er að opnun heimasíðunnar betrafelag.is haustið 2022.

Vertu með

Eitt af samstarfsverkefnum UMFÍ og ÍSÍ er Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhóur efnisins eru foreldrar barna og ungmenni af erlendum uppruna.

Styrkir til náms í lýðháskóla

UMFÍ styrkir ungt fólk sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku. Markmið er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn.

Fræðslu- og verkefnasjóður

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkir fræðslu, menntun og aukna þekkingu innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Árið 2021 veitti Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ tæpra 16 milljóna króna til 191 fjölbreytta verkefna sem aðildarfélag UMFÍ stóðu að.

Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ stofnaði Umhverfissjóð árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ árin 1979-1993. Úthlutað var í fyrsta sinn úr sjóðnum árið 2008.

Árið 2021 veitti Umhverfissjóður UMFÍ 730 þúsund króna til 10 verkefna.

SAMBANDSPING 2021 og stefnumótun

52. sambandsþing UMFÍ fór fram á Húsavík dagana 15.-17. október 2021. Þetta var sögulegt þing en það sátu nú í fyrsta sinn þingfulltrúar frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Íþróttabandalagi Akraness og Íþróttabandalagi Akureyrar en bandalögin komu inn sem sambandsaðilar UMFÍ á þinginu 2019.

Á meðal dagskrárliða þingsins voru málstofur um skipan íþróttahéraða, mótahald UMFÍ og um rafíþróttir.

Jóhann Steinar Ingimundarson hélt á þinginu erindi um stefnumótun UMFÍ sem staðið hefur yfir frá því í byrjun árs 2021 og verið unnin í nánu samstarfi við sambandsaðila UMFÍ um allt land.



Heiðursfélagar UMFÍ

Anna Ragnheiður Möller og Kristján Elvar Yngvason voru gerð að heiðursfélögum en bæði hafa þau verið virk í ungmennafélagshreyfingunni um áratuga skeið.

Hvatningarverðlaun UMFÍ

Ungmennafélagið Fjölir hlaut Hvatningarverðlaun fyrir verkefnið Áfram lestur. Saman hlutu svo Ungmennafélag Njarðvíkur og Keflavík, íþrótta- og ungmennafélag, verðlaunin fyrir samstarfsverkefnið Allir með, sem er sniðið að þörfum barna með mismunandi stuðningsþarfir.

Ný stjórn

Kosið er til stjórnar á sambandsþingum UMFÍ á tveggja ára fresti. Haukur Valtýsson, sem verið hefur formaður stjórnar UMFÍ frá 2015, gaf ekki kost á sér áfram. Sjálfkjörið var því í formannssætið og var Jóhann Steinar Ingimundarson einn í framboði þar.

UNGmennARÁÐ UMFÍ: Samtal ungmennaráða

Ungmennaráð UMFÍ stóð fyrir rafræna viðburðinum Samtal ungmennaráða fimmtudaginn 8. apríl 2021. Viðburðurinn var haldinn í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Markmið viðburðarins var að fá fulltrúa ungmennaráða um allt land að borðinu, deila reynslu sinni, hugmyndum og ræða saman með óformlegum hætti um það hvernig er að vera í ungmennaráði, hverjir helstu





þröskuldarnir eru og margt fleira sem tengist ungu fólki. Á viðburðinum komu um 30 þátttakendur frá 19 ungmennaráðum um allt land.

Grunnskólamót í blaki

Blaksamband Íslands, í samstarfi við Evrópska blaksambandið, UMFÍ, ÍSÍ og Evrópusambandið (ESB) stendur að Grunnskólamóti í blaki. Þetta er nýr viðburður. Hann var haldinn var í fyrsta sinn um allt land í október 2021 og verður haldinn árlega í fjögur ár.

Blakmótið er haldið í tólf knattspyrnuhúsum um allt land. Þátttakendur eru grunnskólanemendur á aldrinum 9 -11 ára (í 4.-6. bekk) og 160 skólum boðin þátttaka.

Sýnum karakter

Sýnum karakter er sameiginlegt átaksverkefni ÍSÍ og UMFÍ um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á því að hægt sé að þjálfra og styrkja sálræna og félagslega færni iðkanda eins og líkamlega færni.

Árið 2021 hlaut verkefnið 5C's 30 milljóna króna styrk frá Erasmus+, sem er menntaáætlun Evrópusambandsins. Að verkefninu standa ÍSÍ, UMFÍ, Háskólinn í Reykjavík (HR), Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ), Fimleikasamband Íslands (FSÍ) og Loughborough-háskóli á Englandi. Hugmyndafræði 5C's tengist og byggir á markmiðum Sýnum karakter, sem UMFÍ og ÍSÍ standa að. Nálgaðst má allt efni verkefnisins á synum-karakter.is.

Felix / Sportabler

Í september árið 2021 skrifaði forsvarsfólk ÍSÍ og UMFÍ undir samning við fulltrúa fyrirtækisins Abler um gerð á nýju rafrænu félágakerfi fyrir íþróttahreyfinguna. Kerfið leysir af hólmi starfsskýrsluskil í Felix. Stefnt er að því að íþróttahreyfingin skili starfsskýrslum fyrir starfsárið 2021 í nýju kerfi árið 2022.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags

íslenska skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Allt frá stofnun hefur ÆV sinnt því hlutverki að bjóða upp á fræðslu í forvörnum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða, meðal annars um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun sem getur komið upp í félagsstarfi. UMFÍ hefur tekið upp siðareglureglur Æskulýðsvettvangsins og hefur verið unnið að þróun námskeið fyrir félagasamtök um siðreglur í samskiptum.

Samskiptaráðgjafinn

Sigurbjörg Sigurpáldóttir var um mitt ár 2020 ráðin í starf samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Ekki er innheimt gjald af þjónustu samskiptaráðgjafa í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Sakavottorð

Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustu-miðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika.

Sakavottorðin eru sambandsaðilum UMFÍ að kostnaðarlausu.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn var venju samkvæmt haldinn miðvikudaginn 6. október 2021 í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þetta var fimmtánda árið sem hann er haldinn. Deginum var ýtt úr vör í Dalskóla í Úlfarsárdal. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, gat ekki tekið þátt í því þar sem hann var í smitgát.

Efsta á baugi Forvarnardagsins eru samspil orkudrykkja, nikótínnotkun, gæði svefnis og ýmsir þættir sem hafa áhrif á andlega líðan ungmenna.

Skinfaxi og útgáfumál UMFÍ

Á árinu 2021 komu út þrjú tölublöð af Skinfaxa, tímariti UMFÍ. Blöðin innihalda ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra. Leitast hefur verið við að hafa þemu í blöðunum, s.s. um áskoranir féláganna og leiðir til lausna.

Slóðin er: <https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

Göngubók UMFÍ

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2021. Hún var eins og árið áður unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlason, stofnanda fyrirtækisins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Bókinni var dreift um allt land, í sundlaugar, á ferðamannastaði og víðar. Bókin hefur síðustu tvö árin farið í gegnum heilmikla yfirlegu, gönguleiðir voru uppfærðar, sumum hent út en öðrum bætt við. Þá voru öll kort endurnýjuð.

Fréttabréf UMFÍ

UMFÍ sendi sambandsaðilum og aðildarfélögum reglulega rafrænt fréttabréf. Þar eru sagðar fréttir úr íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni,



viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð. UMFÍ sendir auk þess sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra fréttabréf um sérstök mál ef svo ber undir. Það var stærstur hluti efnis fréttabréfanna árið 2021.

Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is eða með því að senda tölvupóst á umfi@umfi.is.

Rafíþróttir

Rafíþróttir/rafleikir hafa sprungið út sem afþreying ungs fólks um allan heim. Í janúar 2021 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að mynda stefnu um rafíþróttir/rafleiki og efla umgjörð í kringum greinina. Fulltrúar UMFÍ voru Ragnheiður Sigurðardóttir og Vilhelm Patrick Bernhöft. Aðrir fulltrúar voru: Ólafur Hrafn Steinarsson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Starfshópurinn skilaði af sér stefnu um málið í mars 2021.

Vinnuhópur um lýðheilsu

UMFÍ og ÍSÍ skipuðu starfshóp sem tók saman upplýsingar og skýrslu varðandi almenningsíþróttaverkefni. Þetta er verkefni sem hefur það að markmiði að auka framboð af fjölbreyttri hreyfingu fyrir almenn- ing innan skipulagseininga íþróttahreyfingarinnar. Með því er unnt að fjölga þeim landsmönnum sem hreyfa sig reglulega og koma meiri hreyfingu inn í daglegt líf landsmanna. Það samræmist markmiðum sem finna má um almenningsíþróttir í Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum frá árinu 2019. Vinnuheimi verkefnisins er KOMA SVO! og á sér fyrirmynd í Danmörku í verkefni sem heitir „Bevæg dig for livet“ sem DIF (Danmarks idræts forbund) og DGI (Danske gymnastik- og idrætsforeninger) settu á laggirnar árið 2015.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík og er starfsstöð á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér. Sími þjónustumiðstöðvar er 568 2929. Netfang er umfi@umfi.is

Vissir þú þetta um UMFÍ?

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga. Heiti þess er skammstafað UMFÍ. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ um allt land.

UNG MENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNG MENNASAMBAND KJALARNESPINGS

UMFÍ

HLUTI AF ÍÞRÓTTAVEISLU UMFÍ
OG 100 ÁRA AFMÆLI UMSK

HUNDA HLAUP

ALLT UM HLAUPIÐ Á ÍTHROTTAVEISLA.IS

SELTJARNARNESI
25. ÁGÚST



Frá félögunum



Afturelding

Aðalfundur Aftureldingar fór fram 29. Apríl 2021.

Aðalstjórn félagsins 2021 – 2022:

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður

Erla Edvardsdóttir, varaformaður

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri

Geirarður Long, ritari

Gunnar Skúli Guðjónsson, meðstjórnandi

Lára Berglind Helgadóttir, meðstjórnandi

Reynir Ingi Árnason, meðstjórnandi

Helsu viðburðir úr starfi félagsins 2021:

Uppskeran er alltaf skemmtilegasta stundi í lífi hvers íþróttamanns og eins og alltaf vorum við með fullt af frammúrskarandi iðkendum sem slóust um titilinn íþróttamaður og íþróttakona Aftureldingar. Á þessu sinni var viðburðurinn fámennur vegna samkomutakmarkana en vonandi getum við haldið almennilega uppá uppskeruna að ári. Við í Aftureldingu erum með nefnd sem hefur faglega hæfni til þess að sinna því erfiða verkefni að velja úr tilfeningum deilda um íþróttfólk ársins en í nefndinni sitja Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi félagsins, Geirarður Long sem fulltrúi aðalstjórnar og Ívar Benediktsson faglegur ráðgjafi.

Íþróttamaður ársins var valinn Þórður Jökull Henrysson karatemaður. Undanfarin ár hefur Þórður verið afkastamikill bæði hérlandis og á alþjóðlegum mótum. Þórður er metnaðarfullur iðkandi sem hefur verið duglegur

að fara í æfinga- og keppnisferðir erlendis til þess að geta æft með þeim bestu og hjá þeim bestu. Þórður er í 11 sæti á heimslista U21 kata karla. Íþróttakona Aftureldingar var valin Telma Dögg Grétarsdóttir blakkona. Telma hefur farið á skólastyrk í háskóla í Bandaríkjunum, verið atvinnumaður í blaki í Slóvakíu og í Sviss.

Árið 2021 var gott ár fyrir Telmu, en hún hefur verið yfirburðar leikmaður. Telma varð Íslandsmeistari í blaki kvenna með Aftureldingu. Á uppskeruhátíð Blaksambands Íslands fyrir leiktiðina 2020-2021 fékk Telma Dögg fjölda viðurkenninga m.a. stigahæsti leikmaðurinn samtals. Hefð er fyrir því að velja vinnubjark félagsins, sem kemur úr röðum sjálfbodaliða. Á þessu sinni var valinn Haukur Sörli Sigurvinsson sem hefur starfað fyrir handknattleiksdeild félagsins og hefur verið lykilmáður í meistaraflokksráði karla og formaður þess síðan 2018. Þjálfari ársins er yfirþjálfari í sunddeildinni, Hilmar Smári. Frá því hann tók við deildinni hefur sunddeild aftureldingar algjörlega sprungið út. Hilmar er heilinn á bakvið sundskóla deildarinnar sem hefur orðið til þess að yngstu hóparnir hafa stækkað gríðarlega og framtíðin er björt.

Stöðugur vöxtur er í félaginu og er fjölgun iðkenda milli ára og erum við búin að ná til baka þeim sem dattu út vegna covid og gott betur. Knattspymudeildin er stærst deilda með um 37% iðkenda, þá kemur fimleikadeildin með 24% og handknattleiksdeildin með 12%. Aðrar deildir eru fámennari. Samtals voru um áramót iðkendur 1.658 á aldrinum 4 – 19 ára í 11 deildum.

Starfsdag þjálfara var hægt að halda aftur sem er gríðarlega mikilvægt til að halda tengslum milli deilda. Markmið starfsdags er fyrst og fremst að fræða þjálfara og auka félagsleg tengsl milli deilda enda ekki á hverjum degi sem þessum mannauði gefst tækifæri til að hittast öll á sama stað á sama tíma af því að þó að við séum 11 deildir þá erum við öll Afturelding. Birna Kristín Jónsdóttir, formaður Aftureldingar.



Stál-úlfur

Aðalfundur félagsins fór fram laugardaginn 15.mai 2021 í Reykjavík. Formaður félagsins er Algirdas Slapikas, aðrir stjórnarmenn eru Eriks Milleris, Vytautas Lipskas, Mindaugas Andrijauskas, Romualdas Gecas, Antanas Mazonas og Sergej Diatlovic.

Á vegum félagsins árið 2021 keppti körfuboltalið í meistaraflokki karla. Einnig sendi Stál-úlfur fótboldalið til keppinnar í 40+ aldursflokki 6 ári í röð. Keppnistímabilið 2021 starfaði Stál-úlfur sitt 12. ár.

Körfuboltalið Stál-úlfs tók þátt í 2. deild karla, enn því miður hafði Covid faraldurinn gífurlega mikil áhrif á keppnistímabilið. Lið Stál-úlfs, við hertar söttvarnaraðgerðir og nokkrum hlé, náði einungis að spila 6 leiki af 22 á Íslandsmótnu. 30. apríl keppti liðið í 8-liða úrslitakeppninni á móti ÍA frá Akranesi og eftir æsispennandi leik hafði ÍA betur 89-96. Æfingar liðsins fóru fram í Kársneskóla þrisvar í viku, en heimaleikir voru spilaðir í Fagrilundi.

Eldri flokkur Stál-úlfs í fótbolta tók þátt í Íslandsmóti 40+ deildarinnar. Fótboldalið náði að spila alla sína leiki í sumar og hafnaði í efsta sæti



deildarinnar. Í úrslitakeppninni kepptu fjögur (4) efstu lið deildarinnar um Íslandsmeistaratitilinn í Fífunni. Stál-úlfarnir unnu sannfærandi sigur í öllum leikjum sínum í úrslitakeppninni og urðu Íslandsmeistarar annað sinn í sögu félagsins.

Nú að klappstýruliði Stál-úlfs að lokum. Klappstýrnarnar fengu að dansa í nokkur skipti á heimaleikjum Stál-úlfs en einnig á einum útileik á keppnistímabilinu í 2. deild í körfubolta. Ofan á það fékk liðið Hvatningarverðlaun UMSK fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skaraði verulega fram úr innan UMSK árið 2021.

Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfbodaliðastarfi. Þetta tímabil var fjöldi iðkenda svipaður í knattspyrnu, en þeim fjölgaði örlítið í körfuknattsleik. Skráðir iðkendur í knattspyrnu voru 67 en 77 í körfuknattsleik. Samanlagt gerir það 144 iðkendur. Aðrir félagsmenn eru 6 í heild.



GKG

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG)

Aðalfundur haldinn: 30. nóvember 2021.

Formaður: Guðmundur Oddsson

Stjórn GKG 2021:

Guðmundur Oddsson, formaður, Ásta Kristín Valgarðsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Stephensen, ritari, Sigurður Kristinn Egilsson, gjaldkeri. Meðstjórnendur Björn Steinar Stefánsson, Einar Gunnar Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir, Sigmundur Einar Másson, Tómas Sigurðsson.

Markvert úr starfi félagsins 2021

Árið 2021 var mjög farsælt hjá GKG þegar liðið er til fjölda félagsmanna og árangurs okkar afrekskyflinga. Alls voru 2.667 iðkendur skráðir í GKG. Af heildarfjöldanum voru 831 barn 18 ára og yngri hjá okkur í sumar, sem er mesti skráði fjöldi frá upphafi. Eldri borgurum fjölga einnig og eru nú 295, en voru 248 í fyrra. Það er gaman að sjá fólk frá 5-95 ára stunda sömu íþróttina. Karlar eru 67,2%, en konur eru 32,8%, og minnkar munurinn milli kynjanna hjá iðkendum eldri en 50 ára. Það er markmið okkar að jafna



kynjamun með því að laða fleiri konur í klúbbinn og er það gert m.a. með mjög öflugu kvennastarfi.

Meistaramót GKG var haldið í 28. sinn í sumar og urðu þau Anna Júlía Ólafsdóttir og Sigurður Arnar Garðarsson klúbbmeistarar. Brotið var blað í afrekssögu GKG þegar Aron Snær Júlíusson og Hulda Clara Gestsdóttir tryggðu sér Íslandsmeistaratitlana í golfi, Hulda fyrst GKG kvenna frá upphafi.

Íslandsmeistari kvenna í högggleik: Hulda Clara Gestsdóttir

Íslandsmeistari karla í högggleik: Aron Snær Júlíusson

Íslandsmeistari í holukeppni og högggleik 15-16 ára:

Gunnlaugur Árni Sveinsson

Íslandsmeistarar golfklúbba 12 ára og yngri: Hvíta deildin:

Arnar Daði Svavarsson, Benjamín Snær Valgarðsson,

Björn Breki Halldórsson, Kristinn Sturluson og Stefán Jökull Bragason.

Íslandsmeistarar golfklúbba 18 ára og yngri: Piltasveit:

Gunnlaugur Árni Sveinsson, Breki G. Arndal, Dagur Fannar Ólafsson,

Róbert Leó Arnórsson, Jón Þór Jóhannsson.

Íslandsmót golfklúbba 1. deild: A sveitir GKG höfnuðu í 2. sæti í karla-flokki og 4. sæti í kvennaflokki.

Stigameistari á Stigamótaröð GSÍ: Aron Snær Júlíusson

Stigameistari á Unglingamótaröð GSÍ: Gunnlaugur Árni Sveinsson, 15-16 ára drengir

Landsliðssæti:

EM landsliða karla og kvenna: Aron Snær Júlíusson, Hlynur Bergsson og Hulda Clara Gestsdóttir

EM landsliða piltar U18: Dagur Fannar Ólafsson og Gunnlaugur Árni Sveinsson

EM einstaklinga karla og kvenna: Aron Snær Júlíusson og Hulda Clara Gestsdóttir

The Amateur og The Womens Amateur: Aron Snær Júlíusson, Sigurður Arnar Garðarsson og Hulda Clara Gestsdóttir

Íslandsmeistaratitlar Arons Snæs Júlíussonar og Huldu Clóru Gestsdóttur voru stórkostlegir hápunktar á skemmtilegu keppnistímabili. Sigrar Arons og Huldu eru enn sætari af þeim sökum að bæði ólust þau upp í barna- og unglingastarfi. Þau eru mikil hvatning og góðar fyrirmyndir hinna fjölmörgu ungu efnilegra kylfinga sem æfa hjá GKG. Hinsvegar, eins og allir vita þá kemur árangur í hæsta gæðaflokki ekki af sjálfu sér. Að baki árangurs Arons og Huldu liggur mikil vinna í mörg ár, brautseigja þegar á móti blæs, jákvætt hugarfar á æfingum og á velli, góð aðstaða, góð þjálfun og ekki síst stuðningur félagsmanna og aðstandenda.

Miklar framkvæmdir eru hafnar á svæði félagsins sem hafa áhrif á útíæfingasvæðið og til lengri tíma lítið, 9 holu völlinn okkar. Hinsvegar er tryggt að skipulag golfvallanna mun ekki biða hnekkis til lengri tíma lítið, nema síður sé. Stækkun innanhússaðstöðu GKG hefur gert það að verkum að nú iðar allt af lífi í GKG, þar sem börn-, unglingar og afreksskyflingar, sem og almennir leika sér og æfa við frábærar aðstæður, allt árið um kring. Enda er viðkvæðið hjá okkur að í GKG sé sumar allt árið.

Í GKG sést þróttmikið starf innan félagsins. Þar hjálpast að almennir félagar og stór hópur sjálfbodaliða í þeirra röðum, hæfileikaríkt íþröttafólk og dugmikið starfsfólk. Fyrir það viljum við þakka.

Áfram GKG!



Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Vallarsvæðin

Hlíðavöllur kom virkilega vel undan vetri og opnuðum við inn á sumarflatar þann 1. maí. Bakkakot var aðeins seinna til, en þar var opnað inn á sumarflatar 8. maí.

Ástand okkar valla í sumar var virkilega gott og er það

okkar upplifun að félagsmenn hafi verið sáttir með ástand valla.

Félagsstarf

Með tilkomu okkar glæsilegu íþróttamiðstöðvar hafa opnast ýmsir möguleikar fyrir félagsmenn og viljum við svo sannarlega auka það starf yfir vetrarmánuðina. Við opnuðum tvo nýja og fullkomna Trackman golfherma og vorum þeir mjög vel nýttir síðastliðinn vetur. Einnig er góð aðstaða til þess að slá í net og þúttu og það var oft á tíðum mjög líflegt á neðri hæðinni í Klett.

Það hefur verið mikil aukning í barna og unglingastarfinu okkar og erum

við þess viss að bætt inniaðstaða spilar þar inn í. Okkar krakkar voru einstaklega dugleg við að nýta sér aðstöðuna okkar síðastliðinn vetur hvort sem það var til æfinga, hitta vinina, hlusta á fyrirlestra ásamt ýmsu öðru. Það sást svo í sumar hversu mikilvæg þessi aðstaða eru okkur þar sem árangur okkar kylfing í sumar var virkilega góður eins og kemur fram hér á eftir í skýrslu íþróttastjóra.

Framkvæmdir á árinu

Nú er byggingu íþróttamiðstöðvarinnar form-lega lokið og lokaúttekt hefur farið fram. Það var ýmislegt sem þurfti að laga og betrubæta auk þess sem komið er að ýmsu viðhaldi eins og alltaf er til staðar.

Byggðir voru tveir nýir teigar í lok árs, nýr hvítur teigur á 13. braut og svo nýr rauður teigur á 11. braut. Gerum við ráð fyrir því að taka þá í notkun ekki síðar en í meistaramóti næsta árs. Einnig var hafist handa við grunnvinnu vegna tilfærslu teiganna á 8. braut og mun sú vinna hald áfram í vetur og verða þeir fullkláraðir næsta vor.

Sett var upp salernisaðstaða á fyrri níu holum Hlíðavallar sem var mjög þörf aðgerð og léttir mörgum lífið út á golfvelli.

Æfingaaðstaða á Hlíðarvelli

Æfingasvæðið á Hlíðarvelli fékk talsverða upplýftingu, bætt við 10 mottum og eru þær nú 25 talsins. Kassarnir með boltunum voru fjarlægðir í staðinn kom fullkomin boltavél. Byggt var hús í kringum hana og nú geta okkar félagar gengið að því visu að fá hreina og góða bolta á æfingasvæðinu.

Bakkakot

Í Bakkakoti var skálinn tekinn í gegn og allt útisvæðið málað. Munum við halda áfram með lagfæringar/snyrtingar í kringum klúbbhúsið ásamt uppbyggingu vallarins.

Félagafjöldi

Félögum í GM fjölgaði þó nokkuð á árinu og taldi í lok sumars 1.972. Það er mikið gleðiefni að sjá hvað aukningin er mikil hjá 18 ára og yngri en það eru 368 krakkar í þeim hóp.

Gerðist það í fyrsta sinn núna í ár að það myndaðist biðlisti og því ljóst að það er mikil og góð aðsókn í klúbbinn okkar.

Það er okkur mikilvægt að passa upp á að það sé ávallt gott framboð af rástímum og teljum við að það hafi tekist vel í sumar. Við viljum prófa okkur áfram og sjá hvar okkar mörk í félagafjölda liggja. Vonum við svo sannarlega að það sé upplifun okkar félaga að hér sé gott aðgengi að rástímum

Skýrsla Íþróttastarfs GM 2021

Árið 2021 gekk vel í íþróttastarfi Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Mikill fjöldi barna og unglinga stundaði skipulagðar æfingar hjá klúbbnum og var fjölgunin töluverð á milli ára. Ásókn í sumarnámskeið var góð en þar kynnst börn golfi í fyrsta sinn. Mikil fjölgun var á okkar kylfingum í mótum á vegum GSÍ og er það mikið ánægjuefni.

Þjálfarar í íþróttastarfinu í ár voru þeir Davíð Gunnlaugsson, Dagur Ebenzerson og Grétar Eiríksson. Valdís Þóra Jónsdóttir kom einnig að þjálfun afreksskyflinga. Á haustmánuðum kom Andri Ágústsson inn í þjálfarateymið hjá GM.

Yfir 200 einstaklingar 18 ára og yngri æfa hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar yfir sumartímann. Yfir vetrartímann eru um 100 iðkendur á skipulögðum æfingum.

Frábær árangur náðist í mótum sumarsins og sennilega er árið 2021 besta ár GM í keppnisgolfi. GM eignaðist fjöldann allan af íslandsmeisturum og margir kylfingar úr GM voru valdir til þátttöku í landsliðsverkefnum.



Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds var haldinn 7. desember 2021. Í stjórn Odds starfsárið 2020-2021 sátu Kári H. Sölmundarson formaður, Halla Hallgrímsdóttir, Berglind Rut Hilmarisdóttir, Auðunn Örn Gylfason, Ægir Vopni Ármannsson og Jón S. Garðarsson varamaður.

Þetta starfsár var gott og því sem næst eðlilegt í þessu almenna Covid árfæri sem ríkt hefur. Áfram hélt sú mikla aukning iðkenda í golfíþróttinni sem við höfum séð undanfarin ár og þar fundum við fyrir miklum áhuga eins og aðrir golfklúbbar á höfuðborgarsvæðinu sem eru orðnir yfirfullir og alls eru um 2000 manns á biðlista hjá þeim og þar af um 260 manns hjá okkur í GO í lok síðasta árs.

Mikil vinna hjá stjórn og starfsmönnum hefur farið í að undirbúa stækkun golfvallarins en það er lykil verkefni til að tryggja framtíðar tilveru klúbbsins og viðgang golfíþróttarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum efla svæðið okkar sem útivistarsvæði fyrir almenning og vinnur Oddfellow hreyfingin að skipulagi starfssvæðis okkar í samstarfi við Garðabæ. Við félagar í Oddi erum ekki í bílstjóra sætinu og getum einungis þrýst á landeiganda og bæjarfélagið að koma málinu áfram. Ef fram fer sem horfir, verður engin fjölgun golfbrauta á höfuðborgarsvæðinu um fjórsjónunda framtíð. Því þó að leyfi verði gefið fyrir stækkun Urriðavallar þá er horft til þess að Setbergsvöllur muni víkja fyrir íbúabyggð mögulega á næsta áratug og óvissa er hvort sá völlur verði byggður upp nýjum stað. Því er ljóst að áframhaldandi fjölgun félagsmanna er ekki möguleg að óbreyttu. Fyrir samfélagið er þetta ekki gott, því nú fara fjölmennar kynslóðir að ljúka starfsæfinni en golf er eins og við vitum góð leið til að viðhalda hreyfingu og virkni. Sveitarfélögin verða því að hafa golfið í huga þegar ný landsvæði eru skipulögð, að þar sé pláss fyrir þessa íþrótt þar sem aldursbil virkra iðkenda spanna mun breiðara svið en gerist í nokkurri annarri íþrótt. Það gleður okkur að segja frá því, að góður gangur virðist nú í

verkefninu og það hefur formlega verið kynnt okkar helstu nágrönnum og athugasemdaaðilum.

Félags og mótastarf í GO gekk vel á árinu þrátt fyrir einhver fjöldatakmörk á viðburðum. Við erum almennt með þetta starf í nokkuð föstum skorðum og því geta félagsmenn gengið að sömu viðburðunum ár frá ári og við erum afar þakklátir fyrir góðu þátttöku okkar félagsmanna.

Ásókn í okkar góða æfingarsvæði var framar vonum og ljóst að svæðið annar varla þeirri eftirspurn sem greinilega hefur skapast með auknum iðkendafjölda í íþróttinni á síðustu árum. Við höfum reynt að hafa það í huga í framtíðarskipulagi svæðisins að geta betur tekið við fleiri kylfingum, bæði í básum og umhverfi í kringum golfskálann og vonandi sjáum við þá framtíðarsýn verða að veruleika á næstu árum.

Við höldum bjartsýn inn í nýtt ár og fögnum þeim áskorunum sem okkur mæta og stefnum á að eiga einstaklega gott ár og höfum trú á því að þau verkefni sem eru farvatninu fái meðbyr og þá er framtíðin björt.



Hestamannafélagið Hörður

Varmárbökkum Mosfellsbæ.

Stofnað: 26. febrúar 1950.

Formaður: Margrét Dögg Halldórsdóttir.

Framkvæmdastjóri Rúnar Sigurpálsson.

Fjöldi félagsmanna: 620. www.hordur.is

Sóttvarnarreglur og samgöngutakmarkanir hafa sett mark sitt á félagsstarfið almennt sem hefur verið með dappru móti, ekki mátti koma saman að neinu ráði allan veturinn og áttum við fullt í fangi með að fylgja reglum sem breyttust títt og starfa eins og okkur var uppálagt, undir sóttvarnareglum sem ÍSÍ gaf út í samræmi við almennar reglur stjórnvalda.

Allt gekk það þó áfallalaust og mesta furða hvað hægt var að starfa, námskeið og mót voru nærri óskert allt tímabilið, en aðrar samkomur var varla um að ræða. Eins féllu niður félagsreiðtúrar vegna samkomutakmarkana og félagsstarf Heldri manna og kvenna var í algeru hléi.

Rekstur reiðhallarinnar gekk vel og var nokkuð eðlileg útleiga á henni síðasta vetur. Ákveðið var að leggja í nokkrar endurbætur á gólfi hallarinnar. Að auki er búið að festa kaup á tæki til að setja aftan í litla traktorinn okkar með snigli til að jafna gólfíð dags daglega, það tæki mun jafnvel einnig nýtast á keppnisvöllinn og mögulega einhverja reiðvegi. Reiðhallarnefnd var endurvakin og hefur hún staðið fyrir tiltekt í höllinni auk þess að skipuleggja stærri verkefni. Sama nefnd hefur sinnt vallasvæðinu og var ýmislegt hressið við þar í vor. Það er þó komið að verulegum framkvæmdum við völlinn og er verið að skipuleggja það verkefni.

Félagsheimilið Harðarbol var sama og ekkert í útleigu síðasta vetur. Mjög glæddist um sumar og haust í kjölfar tilslakana á samkomutakmörkunum og var húsið mjög mikið bókað og er áfram. Lokið var við að endurnýja salernin í Harðarbóli á meðan það var ekki í útleigu og ýmislegt annað var endurbætt innanhúss og utan, má segja að þetta hlé á útleigu hafi komið sér ágætlega til að sinna þessum verkum. Mikil upplýfing hefur orðið undanfarið á félagsheimilinu okkar.

Sett voru upp skilti við Harðarbraut og Varmárbakka og eins vegvísir að Harðarbóli. Hraðahindrun á Harðarbrautina var sett upp seinnipartinn í sumar. Fleiri götuskilti í efri hluta hverfisins eru fyrirhuguð og eins er verið að hefja vinnu við að skipuleggja skilti á reiðleiðum.

Löðuúthlutun samkvæmt nýju deiliskipulagi hefur tafist og fengust þær skýringar á, að breytingin og fjölgun löða skarast á við tvö ólík lönd sem hefur skapað mikla og flókna vinnu sveitarfélagsins því klára þarf breytingar á þessum löndum bæði hjá Þjóðskrá og Sýslumanni. Í skoðun eru nokkur verkleg atriði sem vinna þarf svo hægt sé að gera löðirnar byggingarhæfar. Við vonumst til að þessari vinnu ljúki sem fyrst og farið verði í að úthluta löðunum vor eða sumar 2022.

Þrátt fyrir ítrekaða leit að hesthúsi til leigu og jafnvel kaups undir félagshesthús þá var ekki annað í boði en að leigja pláss í Blíðubakkahúsinu undir þá starfsemi. Þar fengum við pláss fyrir börn og unglinga sem eru með eigin hest og útveguðum líka hesta fyrir þá sem þurftu. Samningar tókust við Mosfellsbæ um styrk til starfsins og loks sáum við fram á að koma verkefninu félagshesthúsi til framkvæmda. Mikil vinna hefur farið fram við skipulag og kostnaðaráætlun en það skortir enn heppilegt hús-næði sem félagið hefði sjálft til umráða. Það er bagalegt hvað þetta hefur verið löng og erfið fæðing en loks tókst að hrinda þessu í framkvæmd um áramót 2021/2022.

Okkar aðal reiðleiðir voru lagfærðar eins og undanfarin ár og er Tungubakkahringurinn að verða býsna góður þó leiðin sé enn í vinnslu. Haldið var áfram að vinna í Ístakshringnum og er stefnan að sú leið verði að miklu leiti opin á veturna.

Reiðleiðirnar um Skammadal og víðar í Mosfellsdal voru yfirfarnar og ræsi lagfærð.

Í vor var undirritaður samgöngusáttmáli sem hestamenn eru aðilar að í gegnum Landssamband hestamannafélaga. Sáttmálinn var gerður á milli ólíkra útivistarhópa sem í auknum mæli eru að rekast á í sinni útivist svo truflun verður á og jafnvel slys. Í kjölfarið átti sér stað mjög þarft og gott samtal sem við höldum áfram og þöllum að eiga góð samskipti við þá

sem deila stígum og öðru með okkur. Jafnframt þurfum við að huga að okkar sérstöðu og gæta hennar og passa upp á okkar íþróttamannvirki sem eru einmitt að mestum hluta reiðvegir.

Framkvæmdaáætlun til næstu ára er uppfærð og send Mosfellsbæ. Gott er að vinna eftir slíkri áætlun og hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem við viljum fara í og hver aðkoma bæjarins er að þeim. Aukinn íbúafjöldi þýðir aukningu í hestamennskunni og nú þegar er töluverður skortur á hesthúsplássum í hverfinu.

Í vor voru settir inn á heimasíðu félagsins tveir hnappar, annar fyrir ábendingar um það sem má bæta í okkar umhverfi og mannvirkjum. Hinn er til að tilkynna um atvik sem verða á svæðinu, slys eða óhöpp. Mjög mikilvæg er að slík mál berist rétta leið svo hægt sé að gera úrbætur ef þarf. Báðir þessir hnappar eru rétt og stutt boðleið til stjórnar svo við fáum yfirsýn yfir það sem þarf að laga og almennir félagsmenn geti lagt sitt af mörkum til innra starfs félagsins.

Umhverfisnefndin sá um að skipuleggja hreinsunardaginn á sumardaginn fyrsta. Félagsmenn voru virkir í að hreinsa til í hverfinu og ánægjulegt að sjá hvað margar hendur vinna létt verk. Eftir hreinsunina var boðið í grill í reiðhöllinni þar sem gætt var ýtrustu sóttvarna. Ánægjuleg samvera og þessi dagur er alltaf skemmtilegur hluti af félagsstarfinu.



Hvíti riddarinn 2021

Hvíti riddarinn er eitt af þremur íþróttafélögum í Mosfellsbæ sem býður upp á skipulagðar knattspyrnuæfingar. Árið 2021 voru tengslin við móðurfélagið Aftureldingu treyst og grunnur lagður að enn nánara samstarfi við bæði Aftureldingu og Álafoss, þriðja knattspyrnufélagið í bænum.

Okkar vilji er að vinna náið með hinum félögunum til að geta boðið þeim sem vilja stunda meistaraflökksfótbolta í Mosfellsbæ upp á nokkra mismunandi valmöguleika. Aðstæður eru ólíkar og sömuleiðis getustigið. Haustið 2021 var þetta samstarf félaganna formað og góðum samskiptum milli þjálfara og stjórnarmanna Aftureldingar (meistaraflökks og 2. flokks), Hvíta riddarans og Álafsoss komið á. Það er þegar farið að skila árangri.

Enn sem komið er, er þetta samstarf bara í karlaflökki. Meginskýringin á því er að yngri flokkarnir kvennamegin hafa verið mjög fámennir í Mosfellsbæ en það er að breytast og því líklegur en ekki að Hvíti riddarinn verði í samstarfi við Aftureldingu í kvennaflökki í náninni framtíð.

Okkar stefna er að byggja á heimamönnum og halda ungum leikmönnum í fótbolta eins lengi og mögulegt er. Íþróttir eru frábær forvörn og eflir bæði einstaklinga sjálfa og samfélögin sem þeir búa í.

Við erum líka keppnismenn og viljum ná árangri í því sem við gerum. Við tókum þátt í öllum þeim mótum sem stóðu okkur til boða árið 2021. Fótbolta.net mótið var það fyrsta, þar sýndum við yfirleitt ágætis frammistöðu án þess að það endurspegladist í úrslitunum. Í mars náðum við þremur leikjum í Lengjubikarnum þangað til covid stoppaði keppnina. Fjögur stig fengum við í hús og skoruðum fleiri mörk en við fengum á okkur. Í Mjólurbikarnum unnum við Árborg sannfærandi í 1. umferð en töpuðum fyrir Lengjudeildarliði Grindavíkur í hörkuleik í 2. umferð.

Aðalmótið var svo Íslandsmótið. Þar unnum við 9 leiki af 14, lentum í 3ja sæti í riðlinum sem var framför frá árinu áður þegar við unnum 7 leiki af 14 og lentum í 4ja sæti. Við viljum alltaf gera betur en síðast. Bæta frammistöðuna og um leið árangurinn. En, án þess að missa sjónar af okkar stærsta gildi – að byggja á heimamönnum.

Við erum stoltir félagar í UMSK, þökkum fyrir samstarfið á árinu og hlökkum til þess næsta!

Íþróttakveður,
Guðjón Svansson, formaður Hvíta riddarans



Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi.

Félagið hefur verið talið starfandi hátt í 30 ár en óvissa og engir eigendur félagsins hafa verið þar til vorið 2020. Tilkynning kom í mars 2020 frá Fyrirtækjaskrá og Ríkisskattstjóra með kröfu um 10,000 kr. greiðslu daglega í apríl þangað til sending kæmi um eigendur. Þetta gerðist vegna laga sem Alþingi fékk sent 2019 frá EES samningum og samþykkti Alþingi lög nr.82, 27/6, 2019. Vegna komu þessara laga var skipað að skrá raunverulega eigendur félaga. En lögin voru sennilega gerð vegna peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka sem sagt er í lögnum.

Vegna komu þessara laga var skipað að skrá eigendur félaga sem áttu ekki eigendur áður.

Undanfarin ár hafa verið stjórnendur Íþróttafélags aldraðra í Kópavogi: Formaður, Hörður Þorleifsson
Gjaldkeri, Margrét Loftsdóttir
Ritari, Ragna Guðvarðardóttir

Þess vegna voru þau beðin um að verða skráð eigendur flokksins og formaðurinn fór að skrifa og hitta og tala rækilega við stjórnanda Fyrirtækjaskrár og sendi bréf til Ríkisskattstjóra og tilkynnti allt um stöðu okkar verðandi eigenda að við höfðum aldrei fengið eina einustu krónu greidda frá félaginu og greitt eins og aðrir í félaginu mánaðarlega og einnig greitt er vor- og haustferðir hafa farið. Þetta var samþykkt og Ríkisskattstjóri sagði í bréfi til mín að lokum að við fáum ekki tilkynningu um greiðslur. Starfsemin er í jarðhæð Digraeskirkju, engin greiðsla þar.

Ársskýrsla félagsins árið 2021: Aðalfundur var ekki haldinn vegna Veirusjúkdóma. Byrjun starfs félagsins var 23/2 og hætti 23/3 og byrjaði svo 20/4 og var haldið áfram til 27/5. Árlega hættum við leikfiminu um miðjan maí og byrjun um ágústlok og fram yfir miðjan desember. Leikfimin er tvo morgna í viku, þriðjudag og fimmtudag kl. 11 til 11:20. Eftir þjálfunina á þriðjudegi fara margir í hádegismat í kirkjunni og greiða hann. Æfingar á árinu voru 52 dagar og komu alls 871 í þjálfun þessa daga, komu frá 10 til 30 í þjálfun saman. Í byrjun mánaðar greiddu þeir sem mættu kr.1500. og við eigendur alltaf. Þetta síðasta ár fékk félagið samtals greitt frá þeim sem mættu, kr. 191.500. 96 voru skráðir í félaginu en mun færri koma alltaf og dánir urðu sjö. Það er engin ástæða til að vera eigendur þessa félags. Félagið er mjög notalegt og allir una sér. Fannar Karvel stjórnar leikfimi okkar síðan 2011.

Hörður Þorleifsson.



Hvönn

Mikil jákvæðni og fjölgun hefur einkennt starfið hjá Hvönn á síðasta ári. Ný stjórn með tók við keflinu um mitt ár 2020. Farið hefur vel um félagið í nýju húsnæði í Ögurvharfi 4a, húsnæðið hentar einstaklega vel fyrir kennslu fatlaðra og heldur sá hópur áfram að stækka.

Mesta fjölgunin í félaginu hefur verið í flokkum 8 – 12 ára í almennum hópum. Á haustönn fór þó að þrengja aðeins að, þar sem ásetið var í alla tíma og félagið einungis með 1 sal. Haustið byrjaði vel þar sem takmarkanir í Covid faraldrinum höfðu ekki mikil áhrif á íþróttaiðkun, mestu áhrifin voru á fullorðinshópa.



Í ágúst tók félagið þátt í verkefni í samstarfi við ÍF, DSI og Special Olympics. Sendum við þáttakanda á fyrsta heimsmeistaramót sem haldið var í dansi í samstarfi við áður greinda aðila. Agata Erna Jack var fulltrúi Hvannar og Íslands á HM Special Olympics, gerði sér lítið fyrir og varð heimsmeistari í sínum flokki. Agata keppti í flokki með „unified parter“, Lilja Rut Þórarinsdóttir danskennari hjá Hvönn dansaði við hana en aðeins íþróttamaðurinn sjálfur er dæmdur. Í framhaldi af þessu samstarfi sótti félagið um aðild að IF, og er Hvönn orðið aðildarfélag að IF (Íþróttasambandi Fatlaðra), auk UMSK, DSI og ISI.

Áfram hefur félagið átt þör í fremstu röð, og þar úr meistaraflokkum fulltrúi Hvannar í landsliði Íslands í samkvæmisdönsum; Ingólfur Bjartur Magnússon og Auður Elín Gústavsdóttir. Í nóvember sendi félagið 2 þör á Heimsmeistaramót á vegum alþjóðlega dansíþróttasambands WDSF í Rúmeníu, Ingólfur og Auður tóku þátt í HM ungmenna 16-18 í ballroom dónsum, og Friðrik Rafn Arnarson og Rakei Birta Ásgeirsdóttir kepptu á HM U21 í latin dónsum. Á árinu hefur félagið verið í markvissu samstarfi við landsliðsþjálfara Íslands, Adam og Karen Reeve sem komið hafa að þjálfun meistaraflokks félagsins í samvinnu við heimakennarara okkar. Félagið sendi á árinu danskennara á sínum vegum á námskeið erlendis, til að halda áfram að byggja upp þekkingu og styðja við starfið. Fjölgað hefur í kennarhópnum okkar og yngri þjálfarar að koma inn og bætast í hópinn. Félagið fékk tilnefningu frá Kópavogsbæ fyrir 2021 í flokki íþróttakonu Kópavogs, var það Agata Erna Jack sem fékk þann heiður. Við höfum átt í mjög góðu og farsælu samstarfi við Kópavogsbæ og erum þeim ævinlega þakklát fyrir góðan stuðning. Dansfélagið Hvönn leggur áherslu á að bjóða upp á danskennslu fyrir alla aldurshópa frá 3ja ára aldri. Barnadansar, samkvæmisdansar, zumba, salsa, keppnis- og almennir hópar, sem og kennslu fyrir fólk með þroskaraskanir. Einnig hefur félagið verið að sinna kennslu innan leikskóla og framhaldsskóla. Markið félagsins er að fjölga félagsmönnum og eiga iðkendur á öllum stigum dansíþróttarinnar, styðja við bakið á kennurum okkar og auka þekkingu innan félagsins. Við höldum ótrauð áfram að byggja upp gott félag, sem er elsta starfandi dansíþróttafélagið innan UMSK og ISI.

Fyrir hönd stjórnar;
Hildur Ýr Arnarsdóttir, formaður

Knattspyrnufélagið Ísbjörninn

Aðalfundur Ísbjarnarins var haldinn á laugardegi 12.mars 2022. Á honum voru rædd hefðunin mál, ásamt því að kjósa í stjórn. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins.



Stjórn félagsins:
Formaður: Hafþór Karlsson
Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic
Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson
Fjölmiðlafulltrúi: Gunnlaugur Óskar Geirsson
Yfirþjálfari: Denis Grbic

Árshátið liðsins var því miður ekki haldin í ár sökum, covid takmarkana, en það stendur til að halda gott lokahóf núna í apríl, þar sem öllum leik-



mönnum liðsins verður boðið og menn verðlaunaðir fyrir góða frammistöðu á síðasta ári.

Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á árinu 2021: Lengjubíkar, Bikarkeppni KSÍ, Íslandsmót í knattspyrnu í 4.deild karla og Íslandsmóti í Futsal (Innanhúss fótbolta)

Ísbirninum gekk þokkalega vel síðasta sumar og endaði liðið um miðja deild, en auðvitað setti Covid strík í reikninginn eins og flestir fengu að finna fyrir. Hápunktur kom svo í lok ársins þegar Ísbjörninn tók þátt í Íslandsmóti í Futsal, þar sem liðið endaði á að vera Íslandsmeistarar, eftir að hafa farið taplausir í gegnum undanriðillinn og úrslitakeppni, þetta var annað skiptið í röð sem Ísbirninum tekst að komast í úrslitaleik í þessari keppni.

Þetta vara mjög erfit, skemmtilegt en lærdómsríkt ár fyrir okkur í Ísbirninum.

Ísbjörninn stefnir á að taka þátt í eftirfarandi mótum á þessu ári: Lengjubíkar, Mjólkurbíkar KSÍ, Íslandsmóti í 4.deild og UEFA Futsal Champions League forkeppni sem verður haldin í ágúst á þessu ári einhversstaðar í Evrópu.



Júðófélag Garðabæjar Starfsemin

Í upphafi ársins 2020 var Júðófélag Garðabæjar á uppleið í iðkenda fjölda líkt og árin áður. Síðan kom kórónuveirufaraldurinn sem hafði þau áhrif að allt starf féll niður,

líkt og í öðrum félögum, í einhvern tíma. Kórónufaraldurinn skall einkar hart á íþróttinni júdó þar sem allar snertingar voru bannaðar. Reynt var að hefja æfingar á þeim tímum sem snertingar voru leyfðar í íþróttum en þau tímabil vörðu einungis til styttri tíma áður en snertingar voru bannaðar á ný. Við hjá félaginu sjáum fyrir okkur að kórónuveirufaraldurinn fari að hætta að hafa áhrif á starf félagsins og að þá verði hægt að hefja starfið á ný að fullum krafti.

Arnar Már var aðalþjálfari félagsins og sinnti hann starfinu vel. Hann sá sér ekki fært um að sjá um þjálfun lengur og sagði upp 2021. Ekki gekk vel að



fara af stað með æfingar þar sem erfiðlega gekk að finna þjálfara sem var tilbúinn til að skuldbinda sig á þeim tímum sem æfingar voru leyfðar og var tilbúinn til að taka sér hlé á þeim tímum sem æfingar væru bannaðar.

Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir, sem sat í stjórn félagsins frá stofnun þess, lést í mótorkhólasýsi þann 28. júní 2020 ásamt eiginmanni hennar Finni Einarssyni. Hún hafði starfað mikið fyrir félagið og var andi stjórnarmanna var ekki sá sami eftir fráfall Jóhönnu.

Félagið hefur verið óstarfhæft síðastiðin tvö ár sökum Covid-19 faraldursins.

Framtíðarsýn

JG stefnir á að fara á fulla ferð á ný á komandi tímum. Félagið hefur náð samkomulagi við þjálfarateymi júdódeildar ÍR en deildin þar hefur verið að stækka hratt síðan teymið tók við þjálfun hjá deildinni eða um 300% hafa bæst í hópinn þar á milli ára og er deildin sífellt vaxandi. JG hefur náð samkomulagi við fyrrum þjálfara félagsins, Gísla, sem sinnti þjálfun allra hópa félagsins frá 2012 til ársins 2017 um að sjá um þjálfun og önnur störf félagsins. Íslandsmeistararitlar félagsins fóru fjölgaði með árunum sem Gísli sá um þjálfun og var stöðug fjölgun iðkenda hjá félaginu. Aðstaðan var orðin allt of lítil og voru fjöldi æfinga ekki nógu margar.

Félagið heldur æfingar í minnsta sal allra júdófélaga/-deilda á höfuðborgarsvæðinu og er það eina félagið/-deildin sem þarf að leggja niður dýnur í upphafi æfinga og taka þær upp að loknum æfingadegi. Við viljum komast í stærri aðstöðu þar sem dýnur eru fastar á gólfi með fjöðrun undir svo hægt sé að stunda íþróttina betur ásamt því að geta boðið upp á fleiri hópa. Stjórnin mun vinna að þarfagreiningu og byrja svo að leita að nýrri aðstöðu.

Við hjá félaginu ætlum að bjóða upp á faglega starfsemi þegar kemur að þjálfun barna, unglunga og fullorðna. Félagið verður með fyrirmyndar starfsemi

fyrir 2 ára og eldri.

Við sjáum fyrir okkur frekari vöxt félagsins og eru því jákvæðir tímar framundan í Júðófélagi Garðabæjar.



Aðalfundur Golfklúbbs Ness – Nesklúbbsins fyrir starfsárið 2021 var haldinn 25. nóvember síðastliðinn. Lögum félagsins samkvæmt var þar lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Í stjórn Nesklúbbsins sitja nú:

Formaður: Þorsteinn Guðjónsson

Varaformaður, Elsa Nielsen

Ritari, Árni Vilhjálmsson

Ásgeir Bjarnason

Guðrún Valdimarsdóttir

Jóhann Karl Þórisson

Stefán Örn Stefánsson

Framkvæmdastjóri er: Haukur Óskarsson

Starfsárið 2021 var ákaflega viðburðaríkt og farsælt í sögu klúbbsins. Völlurinn skartaði sínu fegursta og var lokahönd lögð á endurnýjun golf-skálans. Nesklúbburinn er svo heppinn að eiga mikið af óserhlífnum sjálfboðaliðum sem leggja klúbbum öllu jafna lið við hin ýmsu störf. Nokkrir þeirra hafa lagt á sig ómælda vinnu við endurnýjun skálans og verður þeim sem og öðrum sjálfboðaliðum seint þakkað fyrir sitt framlag í þágu klúbbsins. Á hverju ári veitir GSÍ viðurkenningu fyrir sjálfboðaliða ársins innan hreyfingarinnar. Í ár var það einn úr röðum Nesklúbbsins, Þorkell Helgason, sem hlaut nafnbótina og er hann svo sannarlega vel að þeirri viðurkenningu kominn þó svo að tilnefna hefði mátt miklu fleiri innan raða klúbbsins.

Iðkendafjöldi í klúbbum er nú rétt um 800 og þar fyrir utan sækja vel á annað hundrað börn og unglingar námskeið og æfingar sem ekki eru inni í þeirri tölu. Klúbburinn er gríðarlega eftirsóttur og hefur verið biðlisti í klúbbinn til fjölda ára. Í annað skipti í sögu klúbbsins gerðist það á haustmánuðum að biðlistinn varð stærri en iðkendafjöldi klúbbsins, en þessi "rómaði" biðlisti telur nú 873 einstaklinga sem hug hafa á að gerast meðlimir í Nesklúbbum en komast ekki að vegna takmarkaðs landssvæðis. Á árinu fékk Nesklúbburinn afhenda gæðavottun á aðalfundinum fyrir að standast gæðakröfur Íþróttasmabands Íslands og er félagið nú orðið eitt af

fyrirmyndarfélögum ÍSÍ. Gríðarleg aukning hefur orðið á starfsemi barna og unglinga undanfarin ár. Á árinu urðu breytingar á starfsemi unglinga-starfsins þegar Steinn Baugur Gunnarsson var ráðinn íþróttastjóri klúbbsins og Nökkvi Gunnarsson PGA golfkennari sem séð hafði um uppbyggingu unglingastarfsins undanfarin ár mun áfram sinna starfi yfirkennara klúbbsins fyrir hinn almenna kyfling.

Félagstarfsemin var í miklum blóma og vour haldin vel á fjórða tug viðburða af öllum stærðum og gerðum fyrir utan hinn daglega rekstur. Fjögur opin mót voru haldin, þar af eitt opið kvennamót en kvennastarfi klúbbsins nýtur sem fyrr mikilla vinsælda hjá félagskonum. Meistaramót klúbbsins var haldið dagana 26.júní – 3. júlí og var þá haldið í 56. sinn. Klúbbmeistari kvenna var Karlotta Einarsdóttir og í karlaflokki var það Bjarni Þór Lúðvíksson sem sigraði.

Einvígið á Nesinu "shoot-out" góðgerðarmótið átti stórafmæli er það var haldið í 25. sinn. Þegar lagt var af stað í þessa vegferð árið 1997 sá enginn fyrir sér að það yrði gert í 25 ár og hvað þá lengur. Það að íþróttafélag skuli standa að viðburði til fjáröflunar og stuðnings góðra málefna tengt er börnum er eitt og sér afar áhugavert og hvað þá svona lengi. Mótið nýtur mikilla vinsælda meðal 10 af bestu kyflingum landsins sem og fjölda áhorfenda sem leggja leið sína á Nesvöllinn og taka þátt í deginum sem nú var leikinn í þágu BUGL, Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Mótið í ár var haldið í samstarfi við sjóðstýringarfélagið STEFNIR og sigurvegari Einvígisins var Guðmundur Ágúst Kristjánsson.

Rúsínan í pylsuendanum á árinu hjá klúbbum var svo þegar að ný inni-æfingaaðstaða var opnuð í desember en sú aðstaða sem áður hafði verið notuð á Eiðistorgi og bar nafnið RISÍÐ var löngu sprungin. Nú hefur verið opnuð ný aðstaða á Austurströnd 5 og ber hún nafnið NESVELLIR. Þar eru sex fullbúinir golfhermar ásamt stórra puttæfingafloð og hafa viðtökurnar verið frábærar.



Stjarnan

Líkt og árið á undan fór starfsárið 2021 ekki varhluta af samkomutakmörkunum, skyndilökunum og alls kyns öðrum sóttvarnaðgerðum. Eftir víðtækar takmarkanir á íþróttastarfi yfir áramót var leyfi loks gefið um miðjan janúar fyrir æfingum yngri iðkenda upp að 16 ára aldri,

en þó eingöngu að ströngum sóttvarnskilyrðum uppfylltum. Afreksþópar félagsins höfðu þá þegar fengið undanþágu frá almennu æfingabanni og máttu halda úti æfingum í fámennum hópum án snertinga. Eftir sat hins vegar viðkæmur aldurshópur, 16-20 ára ungmenni sem ekki sóttu æfingar með meistaraflokkum félagsins. Óhætt er að segja að áhyggjur forsvarsmanna félagsins af félagslegri einangrun þessa aldurshóps hafi verið verulegar, einkum og sér í lagi þar sem skólahald lá einnig niðri á sama tíma. Var rík áhersla lögð á að þjálfarar væru í góðum samskiptum við sína iðkendur, leggðu sig fram um að vera lausnamiðaðir varðandi heimaæfingar og hvettu til almennrar hreyfingar. Engu minni áhersla var lögð á mikilvægi þess að þjálfarar stuðluðu að félagslegum samskiptum á



milli iðkenda og reyndu eftir fremsta megni að huga að andlegri og líkamlegri heilsu þeirra.

En faraldurinn hafði ekki einungis áhrif á iðkendur félagsins heldur var allt viðburðahald og kappleikir í sérkennilegum búningi lengi fram eftir ári, þar sem áhorfendur voru ýmist alfarið bannaðir eða leyfðir að mjög stífum sóttvarnarskilyrðum uppfylltum. 25 til 500 áhorfendur hverju sinni, sóttvarnarhólf og aðrar íþyngjandi takmarkanir sem kölluðu á strangari umgjörð og aukið umfang. Varpaði ástand þetta óneitanlega skugga á kappleiki og ýmsa viðburði félagsins. En það er einnig á stundum sem þessum sem hið sanna Stjörnuhjarta slær hvað sterkast. Aðáunartvert var að fylgjast með metnaði, eljusemi og þrautseigju sjálfboðaliða jafnt sem starfsmanna, sem tókust á við síbreytilegar aðstæður þar sem oft á tíðum þurfti á örskotsstundu að aðlaga starfseminu að nýjum leikreglum og tileinka sér nýja tækni og vinnubrögð. Færir aðalstjórn þessum frábæra hópi fólks innilegustu þakkir fyrir þeirra óeigingjarna framlag til félagsins á erfiðum og fordæmalausum tímum.

Aðalfundur félagsins í fyrra var haldinn þann 15. apríl og var við það tilefni kosið um þrjú sæti í aðalstjórn. Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður stjórnar, Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir, meðstjórnandi, og Erling Ásgeirsson, varamaður í stjórn, buðu sig öll fram til endurkjörs og voru sjálfkjörin á fundinum. Á starfsárinu 2021 tóku ríflega 5.000 virkir iðkendur og yfir 400 þjálfarar og aðrir starfsmenn þátt í starfsemi félagsins, að ógleymdum þeim mikla fjölda sjálfboðaliða sem situr í stjórnnum deilda, ráðum og nefndum, eða kemur að starfinu á annan hátt. Hjá félaginu eru sem fyrr starfandi sjö deildir: fimleika-, handknattleiks-, knattspyrnu-, körfuknattleiks-, lyftinga-, sund- og almenningsíþróttadeild.

Rekstrarmiðurstæða ársins 2021 er jákvæð og lausafjárstæða félagsins í árslok er sterk. Þegar rekstrarmiðurstæðan er skoðuð er hins vegar vert að hafa í huga þau áhrif sem aðgerðapakki stjórnvalda til handa íþróttafélögum og góðgerðarsamtökum til að stemma stigu við neikvæðum afleiðingum Covid-19 hafði á rekstur félagsins. Fólst aðgerðapakinn einkum í tvenns konar aðgerðum, annars vegar að mæta tekjutapi vegna áhorfendabanns og stöðvunar á viðburðahaldi og hins vegar að veita fjárstuðning svo unnt

væri að standa skil á launagreiðslum á þeim tíma þegar starfsemi íþróttafélaga lá niðri vegna sóttvarnaaðgerða. Má ljóst vera að án þessara aðgerða hefðu áhrif heimsfaraldursins bæði til skemmri og lengri tíma að öllum líkindum orðið dýpri og alvarlegri fyrir rekstur íþróttahreyfingarinnar. Engu að síður má gera ráð fyrir að yfirstandandi rekstrarár og jafnvel komandi ár verði krefjandi í rekstri á meðan afleiðingar heimsfaraldursins fjara út að fullu og óvissu vegna stríðsátaka í heiminum léttir. Verður því aukin krafa á félagið allt að sýna enn frekari ráðdeild í rekstri.

En þrátt fyrir áhrif og afleiðingar Covid-19 á síðastliðnu starfsári tókst engu að síður að ljúka keppnistímabili flestra íþróttageina. Því fylgdu hins vegar ýmsar áskoranir sem reyndu töluvert á andlegt og líkamlegt úthald íþróttafólks, þar sem keppnistímabil flestra vetrargreina teygði sig vel inn í sumarið. Stjarnan náði frábærum árangri á ýmsum vígstöðvum á árinu og má þar t.a.m. nefna Íslands- og bikarmeistaratitla karla- og kvennaliða félagsins í hópfimleikum, bikarúrslitaleik meistaraflokks karla í körfuknattleik, þar sem liðið þurfti á endanum að lúta í lægra haldi fyrir Njarðvík eftir æsispennandi úrslitaleik, og undanúrslitaleik meistaraflokks karla í Coca-Cola bikarnum í handknattleik, þar sem naumt tap gegn Fram varð niðurstaðan eftir jafnan og bráðfjörugan leik. Þá eru ótaldir allir þeir fjölmörgu titlar sem yngri flokkar félagsins söfnuðu að sér á árinu og ljóst að framtíðin í Garðabænum hefur sjaldan verið jafnt björt og einmitt nú.

Ekki er heldur annað hægt en að rífa upp frábæran árangur fimleikafólks Stjörnunnar með landsliðum Íslands á Evrópumótinu í hópfimleikum sem fram fór í nóvember. Þar átti Stjarnan 26 landsliðsmenn. Kvennalið Íslands, sem skipað var níu fulltrúum Stjörnunnar, varð Evrópumeistari og kórónaði Kolbrún Þóll Þorradóttir stórkostlegan árangur á árinu með því að hreppa annað sæti í kjöri á íþróttamanni ársins í árslok. Er Stjarnan virkilega stolt af þessu frábæra fimleikafólki og er ómetanlegt að hafa jafn sterkar og jákvæðar fyrirmyndir innan okkar raða.

Góð ásókn var í sumarnámskeið félagsins á síðastliðnu sumri og var einstaklega vel tekið í ný námskeið sem boðið var upp á fyrir eldri iðkendur. Um sumarið var einnig ráðist í miklar og langbráðar framkvæmdir á Samsungvöllinum þegar sett var upp sérstakt vökvunarkerfi. Fylgdi þessum framkvæmdum töluvert rask um tíma og jókst þar með enn frekar flækjustigið við framkvæmd æfinga og leikja, sem var töluvert fyrir sökum strangra sóttvarnareglana og –skilyrða. En með þolinmæði og útsjónarsemi leysti starfsfólk þær flækjur með miklum sóma og gengu framkvæmdir heilt yfir vel fyrir sig.

Með haustinu hófst vetrarstarfsemi félagsins af fullum krafti á ný og var einkar ánægjulegt að sjá að þær áhyggjur sem verið höfðu uppi um mögulegt brottfall barna og unglinga í kjölfar heimsfaraldurs virtust ekki á rökum reistar. Í nóvember fór hins vegar aftur að bera á hertari sóttvarnaaðgerðum og svo fór að í lok árs var staðan ekki mikið frábrugðin þeirri sem verið hafði ári fyrr. Um þetta leyti stóð til að ráðast í stefnumótun og nánari útlistun á framtíðarsýn félagsins, en ákveðið var að slá þeirri vinnu á frest sökum fjöldatakmakanna. Með hækkingu sól standa vonir til að unnt verði að halda þeirri vegferð áfram og nýta þá undirbúningsvinnu sem búið var að vinna undir lok síðasta árs. Jafnframt var unnið að uppfærslu

á handbók Stjörnunnar og vottun félagsins sem fyrirmyndafélags ÍSL. Er stefnt á að ný handbók verði kynnt fyrir stjórnum deilda á vordögum.

Stjarnan er ákaflega stolt af því mikilvæga hlutverki sem félagið gegnir í samfélaginu okkar í Garðabæ. Félagið er meðal stærstu þjónustuaðila í bæjarfélaginu og er hlutverk þess þrjúþætt:

- Barna- og unglingastarf
- Afreksstarf
- Almenningsíþróttir fyrir fullorðna

Í barna- og unglingastarfinu er hugsjónin fyrst og fremst að skila út í samfélagið sterkum einstaklingum sem læra í gegnum íþróttirnar að takast á við gleði og sorgir, sigra og töp, meðbyr og mótlæti. Einstaklingum sem þora að gera mistök, læra af þeim og hafa hugrekki til að elta drauma sína og feta ótroðnar slóðir. Ekki má heldur gleyma því mikla forvarnargildi sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur. Slík þátttaka, ásamt samvistum við forráðamenn og fjölskyldu, eru tveir stórir þættir sem hafa áhrif til góðs þegar litíð er til áhættuhegðunar barna og ungmenna. Afar mikilvægt er að halda ótrauð áfram á braut forvarna og hlúa enn betur að því starfi sem unnið er á þessu sviði.

Í afreksstarfi er Stjarnan í fremstu röð. Auk þeirrar sigurhefðar, skemmtanagildis, samstöðu og félagslegrar samveru sem afreksstarfið elur af sér er eitt af stóru hlutverkum afreksstarfsins að skapa fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur. Eins og áður hefur komið fram er ómetanlegt að eiga sterkar fyrirmyndir og óhætt er að fullyrða að í Stjórnnunni eigum við fjöldann allan af slíkum sem við öll, börn og fullorðnir, getum stolt litíð upp til. Samstaðan sem myndast í kringum afreksfólkið okkar á stóran þátt í að þjappa okkur saman og við finnum fyrir því að tilheyra stærri heild.

Í nýliðnum febrúar opnaði í Vetrarmýri nýtt og glæsilegt fjölnota íþróttamannvirki sem fengið hefur nafnið Miðgarður. Um er að ræða fjölnota íþróttahús með knattspyrnuvelli, klifurvegg, lyftingaaðstöðu og fjölnota styrktasal, svo fátt eitt sé nefnt. Hefur biðin eftir fullbúnum knattspyrnuvelli innanhúss verið löng og því einstaklega ánægjulegt að þessum áfanga séð nú náð. Er ljóst að þessi aðstaða mun vera mikil lyftistöng fyrir knattspyrnudeild, félagið í heild og allt íþróttalíf í Garðabæ. Bindum við í Stjórnnunni miklu vonir við að geta aukid enn frekar þjónustuframboð félagsins með tilkomu þessa glæsta mannvirkis.

Síðastliðið ár reyndist félaginu ekki síður stór áskorun en árið þar á undan, bæði út frá félagslegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Íþróttastarf er stór hluti af okkar daglega lífi og fátt hefur meiri sameiningarmátt en að fylkja liði undir fána félagsins okkar. Því fengum við svo sannarlega að kynnast þegar heimsfaraldur lamaði stóran hluta starfseminnar á löngum köflum yfir tveggja ára tímabil, lokaði íþróttamannvirkjum, meinaði okkur aðgang að viðburðum og lagði íþyngjandi hömlur á æfingar og kappleiki. Í þetta sinn trúum við því hins vegar staðfastlega að ljósið við endann á göngunum sé raunveruleg leið út en ekki aðeins lest á móti.

Skini Stjarnan!

Fyrir hönd aðalstjórnar Stjörnunnar,
Sigurgeir Guðlaugsson, formaður U.M.F. Stjörnunnar



Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 23. júní 2021 fyrir starfstímabilið 1. júní 2020 – 31. maí 2021. Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagsins á tímabilinu: Ragnheiður M. Ólafsdóttir, formaður, Marta Kristín Sigurjónsdóttir varaformaður, Heiður Hjaltadóttir ritari,

Hjalti Ragnar Eiríksson, Hreggviður Símonarson, Hanný Ösp Pétursdóttir og Sif Pálsdóttir. Á aðalfundinum lét Heiður Hjaltadóttir af stjórnarstörfum og Davíð Stefán Guðmundsson kom í hennar stað.

Íþróttafélagið Gerpla starfrækti sex mismunandi deildir innan félagsins á liðnu tímabili í tveimur íþróttahúsum. Áhaldadeild karla og kvenna, hóp-fimleika karla og kvenna, almenna deild, parkour deild, fimleikadeild karla og kvenna og fimleika fyrir fatlaða. Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og leggur mikið uppúr því að iðkendur finni hreyfingu sem hentar þeim og finnst gaman af. Boðið er uppá fimleika í mismunandi formi fyrir breiðan aldurshóp hvort heldur sem markmiðið er að stunda líkamsrækt eða stefna á keppni í fimleikum. Bangsafimleikar eru þær æfingar sem hafa notið mikilla vinsælda en það eru æfingar eins og tveggja ára barna. Svo mikil er aðsóknin að félagið keyrir æfingar bæði í Versölum og Vatnsenda. Annars hefur iðkendafjöldinn haldið sér nokkurn veginn en það er athyglisvert að iðkendur sem voru að klára fyrsta bekk voru 2021 skiluðu sér ekki eins vel og árin á undan haustið 2022. Hvort skýringin sé heimsfaraldur er ekki víst en þessi árgangur skar sig úr á milli anna. Brottfall almennt vegna heimsfaraldurs er ekki áberandi en fjöldinn er jafnt og þétt að komast í samt hof og er aukning í sumum deildum.

Mótahald var af skornum skammti framan af en annað árið í röð hélt Gerpla mót sem er með öðru sniði en hefðbundin fimleikamót. Mótið er stílað inná áhaldafimleika og fékk nafnið Iceland Classic. Einkenni mótsins er að allir þátttakendur fá keppnisbol til að keppa í á mótinu og eru því allir keppendur í eins fimleikaból í keppninni sama frá hvaða félagi þeir koma. Eins eru dregnir út happdrættisvinningar á meðal keppenda og mikið er

lagt uppúr umgjörðinni. Iceland Classic hefur slegið í gegn og voru ríflega 400 keppendur árið 2021.

Góður árangur náðist hjá íþróttafólkinu okkar þrátt fyrir skrítið æfinga-ár vegna lokana á mannvirkjum vegna sóttvarnarráðstafana. Þjálfarar og starfsfólk stóðu þétt við bakið á iðkendum og var reynt að passa uppá að sem flestir skiluðu sér aftur inn í starfið. Við eignuðumst fjöldan allan af Íslandsmeisturum og áttum fjölda iðkenda í landsliðum bæði í hópímleikum og áhaldafímleikum. Eignuðumst tvöfaldan Norðurlandameistara og verðlaunahafa á Norður Evrópumóti svo eitthvað sé nefnt í áhaldafímleikum og Evrópumeistara og verðlaunahafa á Evrópumóti í hópímleikum.

Sumarstarfið var blómlegt 2021 og voru haldin fjöldinn allur af sumarnámskeiðum sem voru vel sótt. Heilsdags sumarnámskeiðin voru keyrð í Versölum en hálf dags – parkournámskeið voru keyrð í Vatnsenda. Trampólínnámskeið var nýtt námskeið í Vatnsenda sem sló í gegn og verður aftur á döfinni komandi sumar. Keppnishópar félagsins eru farnir að æfa ellefu mánuði á ári á meðan að almenna deildin og yngri iðkendar æfa frá september og út maí.

Gerpla náði þeim merka áfanga á árinu að verða 50 ára þann 25. apríl 2021. Búið var að undirbúa stór hátíðarhöld sem og stórfenglega afmæli-ssýningu sem ekkert varð af vegna stöðugar óvissu í þjóðfélaginu og mikilla samkomutakmarkana. Úr varð að fresta hátíð fram á næsta ár. Mikil vonbrigði á meðal félagsmanna og velunnara enda stór tímamót hjá farsælu Íþróttafélagi. Í tilefni afmælis var þó gerð heimildarmynd um sögu Gerpla, upphaf þess og vöxt en viðtöl voru tekin við fjölda einstaklinga sem komið hafa að starfinu og uppbyggingu félagsins í 50 ár. Myndina átti að frumsýna á afmælishátíð 2021 en var frumsýnd 21. apríl 2022. Mikil vinna hefur farið í þessa dýrmætu heimild en myndin er um 30 mínútur að lengd. Anddyrið í íþróttamiðstöðinni Versölum fékk upplýftingu en ráðist var í smíði og hönnun á bikaraskáp sem geymir mikilvægar heimildir um velgengi og sögu félagsins á undanförunum áratugum. Óhætt er að segja að vel hafi til tekist og setur skápurinn skemmtilegan svip á anddyrið.

Árið fer vel af stað og mörg stór verkefni á döfinni sem við hlökkum til að takast á við með okkar frábæru iðkendum, starfsfólki, aðstandendum og öðrum velunnurum.

Áfram Gerpla

Olga Bjarnadóttir

Taekwondo félag Kópavogs (TKO)

Árið 2021 var fyrsta árið þar sem félagið fékk að keppa undir eigin merkjum í Ólympiugreininni Taekwondo. Við gerðum okkur lítið fyrir og unnum Íslandsmótið í bardaga nokkuð örugglega í fyrstu tilraun og erum nokkuð sátt með það. Keppendur okkar tóku einnig þátt í Bikarmóti vetrarins og stóðu keppendur okkar í formi sig frábærlega, fengu hæstu einkunnir allra á mótinu og minntu hressilega á sig.

Iðkendafjöldinn fór niður á við eftir því sem leið á Covid-tímann en nú er útlitið betra með hverjum deginum. Við bættum við flokkum til að geta hugsað betur um yngri kynslóðina og héldum áfram með starfsemi fyrir



börn með einhverfu, hegðunarvandamál og þolendur eineltis. Yngsti nemandinn til að taka beltapróf var 3 ára og sá elsti 62 ára og er því hópurinn mjög breiður. 8 nemendur tóku próf fyrir svart belti og þar á meðal hinn 20 ára Gunnar Snorri Svanþórsson sem tók 4. dan meistaragráðu, yngstur íslendinga.

Við sjáum fram á að félagið reisi sig hratt við á komandi mánuðum og er stefnan sett á að vinna öll mót innanlands á næstu árum. Einnig er stefnan sett á mót erlendis og munum við taka þátt í uppbyggingu landsliða Taekwondo sambandsins á komandi misserum.



Glóð

Aðalfundur Íþróttafélagsins Glóðar sem vera átti í janúar 2021 frestaðist til 26. maí 2021. Fundurinn var haldinn um leið og hægt var en þá var COVID búið að vera allsráðandi meira og minna frá áramótum. Lítið starf var í félaginu þetta ár vegna COVID.

Ringó vetur:

Engar æfingar voru frá áramótum þangað til 10. maí 2021 en þá hafði allt verið lokað vegna veirunnar. Æfingatíminn var stuttur þann veturinn en góð mæting þegar hægt var að æfa. Allar ringó-keppnir lögðust niður það árið.

Pútt sumar:

Glóð hefur til afnota 18 holu púttvöll á sumrin í Kópavogsdal. Æfingar í pútti voru tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11:00-12:00 eins og síðustu sumur. Æfingar byrjuðu 8. júní 2021. Þátttaka var nokkuð góð til að byrja með og hefur raun þátttakan aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Í júlí var þátttakan orðin nokkuð dræm en þá er aðal útilegutímabilið og margir í burtu. Þann 5. ágúst hættum við að æfa vegna dræmrar þátttöku og COVID19.

Púttið er skemmtileg samvera Glóðarfélaga á fallegum stað í Kópavogsdal. Völlurinn er eitthvað notaður af almenningi og á notkun hans örugglega og vonandi eftir að færast í aukana. Þetta er falin perla í Kópavogsdal og synd að bæjarbúar nýti sér völlinn ekki sem skyldi. Snemma vors 2020 var farið í töluverðar framkvæmdir við völlinn á vegum Kópavogsbæjar og var púttvöllurinn og nágrenni hans endurnýjað.

Ringó haust:

Æfingar í ringó á haustönn byrjuðu 9. september og var spilað tvisvar í viku fram að 9. desember en þá var tekið jólafrí. Æfingar tókust mjög vel og var mjög góð mæting.

Í október fór fram kynning á vegum blaksambandsins í ÍR fótboltahöllinni í Reykjavík þar sem krakkablað var kynnt og var Glóð boðið að vera með kynningu á ringó fyrir eldri borgara á sama tíma. Glóðarfélagar kynntu ringó íþróttina sem tókst með ágætum og í kjölfarið bættust 7 frábærir félagar við í æfingahóp okkar.

Þetta var gott ringótímabil og friður fyrir COVID19. Öllum keppnum var þó frestað.

Íþróttavika var haldin í Kópavogi 23.-30. september í tengslum við íþróttaviku Evrópu.

Boðið var upp á sjö viðburði í Kópavogi í tengslum við íþróttaviku Evrópu sem Kópavogur tók þátt í. Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) er haldin 23.-30. september ár hvert í yfir 30 Evrópulöndum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur umsjón með verkefninu á Íslandi en nú var unnið í samstarfi við „Heilsueflandi sveitarfélög“. Markmið íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu og sporna við hreyfingarleysi meðal almennings.

Íþróttafélagið Glóð var með í þessari kynningu og þriðjudaginn 28. september kl. 16:00 var boðið upp á kynningu á ringó í Íþróttahúsi Lindaskóla. Allir íþróttaviðburðirnir í Kópavogi voru auglýstir í Kópavogspóstinum og Kópavogsblaðinu.

Við þurfum að vera vakandi fyrir kynningum af þessu tagi og taka þátt. Halda átti Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi í lok ágúst 2021. Í skugga mikilla smita og til að hefta útbreiðslu COVID veirunnar í samfélaginu var ákveðið að fresta mótinu. Annað árið í röð sem því hefur verið frestað.

Fjárhagsstaða félagsins er mjög góð, félagsgjald var innheimt í desember og sala ringóhringja með ágætum.

Félagið flytur inn ringóhringi frá Póllandi og er eingöngu hægt að kaupa þá hjá Glóð.

Hringirnir þurfa að vera löglegir þ.e. stærð, þykkt, þyngd og stærð gatsins í miðjunni.

Margrét Björnsdóttir,

Formaður Íþróttafélagsins Glóðar



UMFÁ

Aðalfundur UMFÁ var haldinn 18. maí 2021 í Íþróttamiðstöð Álfaness.

Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í stjórn:

Guðjón Þorsteinsson, formaður,

Kjartan Örn Sigurðsson, varaformaður,

Einar Georgsson, Kristján Jón Jónatansson,

Brjánn Guðjónsson, Sveinborg Lovísa Hauksdóttir og

Linda Björk Thorlacius.

Ungmennafélag Álfaness er með 6 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnu-deild, körfuknattleiksdeild, blakdeild, frjálsíþróttadeild, soobahkdo-deild og almenningsíþróttadeild. Félagið er einnig í samstarfi við sunddeild Stjörnunnar og boðið er upp á æfingar í Álfaneslaug auk þess sem iðkendur UMFÁ eiga kost á að sækja æfingar í Garðabæ. Þetta er ellefta árið



sem félögin eru í samstarfi og hefur það mælst vel fyrir. Knattspyrnu-deildin er sem fyrr langstærsta deildin. Meistaraflokkur karla spilaði í 4.deild síðasta sumar og meistaraflokkur kvenna í 2.deild. Stjarnan og Álfanes eru í öflugum samstarfi í kvemboltanum og hefur það gefið mjög góða raun. Körfuboltinn er í mikilli sókn hjá félaginu. Yngri flokka starfrið er að springa út og hefur orðið mikil fjölgun á iðkendum. Meistaraflokkur karla hefur náð góðum árangri á síðstu árum og hafa náð að festa sig í sessi sem öflugt lið í 1.deildinni.

Blakdeild UMFÁ tók yfir allt blakstarf í Garðabænum haustið 2018. Álfanes er með lið í efstu deild karla og kvenna í blakinu auk þess að vera með 5 lið í neðri deildum. Félagið byrjaði með yngri flokka starf í blaki haustið 2019. Félagið býður upp á Íþróttaskóla barnanna en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu íþróttaraðinga.

Skokkhópur nýtur mikilla vinasælda á Álfanesinu. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað í skokkinu og hefur hlaupurum fjölgað umtalsvert á síðustu misserum.

Frjálsar íþróttir hafa fest sig vel í sessi sem íþróttagrein hjá félaginu en þetta er þrettánda árið í röð sem félagið býður upp á æfingar í frjálsum íþróttum.

Á haustmánuðum 2015 byrjaði félagið að bjóða upp á æfingar í taekwondo og soo bahk do. Þátttakan hefur verið góð, bæði hjá börnum og fullorðnum og ljóst að íþróttagreinin er komin til að vera.

Á döfinni er að stofna rafíþróttadeild hjá félaginu og verið er að skoða hvort grundvöllur sé fyrir starfi kringum hlutverkaleiki hjá unglingum.



Boginn

Aðalfundur: 13.03.2022

Formaður: Oliver Ormar Ingvarsson

Varaformaður: Valgerður Einarsdóttir Hjaltested

Gjaldkeri: Astrid Daxböck

Ritari: Sara Sigurðardóttir

Meðstjórnanndi: Dagur Örn Fannarsson

Varamenn: Guðmundur Örn Guðjónsson,

Guðrún Birna Pétursdóttir

Bogfímifélagið Boginn hélt áfram að byggja upp öflugt barna og unglingastarf árið 2021 og tóku Valgerður Einarsdóttir og Sara Sigurðardóttir við að sjá um þjálfun bæði á æfingum yfir veturinn og einnig á sumarnámskeiðum Bogans þar sem met fjöldi krakka mættu til að prufa þessa skemmtilegu íþrótt. Guðmundur Örn Guðjónsson hélt áfram að þjálfra afrekshóp BF Bogans sem gerði einnig gríðarlega góða hluti á árinu.

Íslandsmótum innandyrna var frestað frá mars til nóvember árið 2021 en utandyramótin voru haldin á venjulegum tíma í júlí. Núi Barkarson frá Boganum varð Íslandsmeistari utandyrna í trissuboga flokki karla en hann sigraði Albert Ólafsson einnig úr Boganum í úrslitum. Ewa Ploszaj sigraði í trissuboga kvenna flokki. Marín Aníta Hilmarsdóttir varð Íslandsmeistari kvenna í sveigboga og sló þar einnig nýtt Íslandsmet með 616 stigum sem er 11 stigum yfir lágmarks skorið fyrir ólympíuleikana og hún fyrsti Íslendingurinn í bogfími sem nær þeim lágmarkum. Oliver Ormar Ingvarsson náði öðru sæti eftir tvöfaldan bráðabana í sveigboga karla. Á Íslandsmótum

innandyra sem haldið var í nóvember var sigraði trissuboga kvennalið BF Bogans á móti BF Hróa Hetti í úrslitum. Núi Barkarson varð Íslandsmeistari í trissuboga karla annað árið í röð og einnig Marín Aníta Hilmarisdóttir varð Íslandsmeistari í sveigboga kvenna. Dagur Örn Fannarsson varð í öðru sæti á sama móti.

Nú þegar loks var hægt að fara aftur á erlend mót fóru Marín Aníta, Oliver Ormar, Albert Ólafsson og Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir á heimsbikarmótið í París sem haldið var í júní, þar sem Albert og Sveinbjörg slógu heimsmet í parakeppni trissuboga 50 plús. Ewa Ploszaj hafnaði í 33. sæti á evrópumeistaramóti í Tyrklandi. Svo kepptu Dagur Örn, Marín og Oliver einnig á heimsmeistaramóti ungmenna í Póllandi sem fór fram í ágúst. Munum við sjá fleiri iðkendur fara á erlend mót árið 2022.

Marín Aníta Hilmarisdóttir úr BF Boganum varð norðurlandameistari ungmenna árið 2021 í sveigboga kvenna undir 18 flokki sem var einnig fjölmennasti flokkurinn á mótinu, alls 27 keppendur. Norðurlandameistaramót ungmenna var með óhefðbundnu sniði árið 2021 og vegna covid kepptu keppendur í sínu landi og voru úrslitin tekin frá undankeppninni og sá sem var hæst þar sigraði. Endaði Marín Aníta hefst í sínum flokk með 633 stig. Núi Barkarson setti nýtt met í U21 trissuboga á mótinu með 642 stig, en hann endaði í 6. sæti. Oliver Ormar Ingvarsson setti nýtt met í U21 sveigboga með 593 stig og endaði í 5 sæti.

Marín Aníta Hilmarisdóttir og Oliver Ormar Ingvarsson voru einnig íþróttafólk ársins hjá Bogfimisambandi Íslands árið 2021. Marín var tilnefnd til íþróttakonunna Kópavogsbæjar og Oliver var tilnefndur til íþróttamanns Mosfellsbæjar.

Árið 2021 var mjög spennandi og skemmtilegt fyrir BF Bogann og verður skemmtilegt að sjá hvað keppendur og iðkendur okkar afreka árið 2022, þegar fleiri alþjóðlegar keppnir munu fara fram og við komum upp úr þessu covid ástandi.



Knattspyrnufélagið Miðbær (KM)

Formaður og framkvæmdarstjóri: Joaquín Linares Córdoba

Varaformaður: Alexandre M. Fernández Massot og Guðlaugur Jóhannesson

Karlaliðið var stofnað árið 2013 af nokkrum áhugamannaleikmönnum frá Spáni búsettum á Íslandi í þeim tilgangi að taka þátt í Gulldeildinni sem er áhugamannadeild. Liðið skráði sig í KSÍ sem 11 manna fótballtalið árið 2018. Liðið er skipað um 36 leikmönnum af 19 mismunandi þjóðernum. Sannkallaður fjölmennigarklúbbur sem deilir þekkingu og hefðum. Vel er tekið á móti þátttakendum óháð uppruna, kyni, kynþætti eða trú sem deila íslenskri og alþjóðlegri fótballtamenningu.

Karlalið KM hefur spilað í 4. deildinni síðan 2019 og farið fram með hverju árinu sem liður og árið 2021 var besta árangri náð til þessa. Liðsmenn eru að vonum bjartsýnir á framtíðina.

KM stofnaði einnig með kvennalið sem keppti í 2. deild, og um Íslandsbikarinn árið 2021.

Liðið æfir og spilar heimaleiki í Kórnum Gervigras (Kópavogi).

KM skipuleggur Boreal Cup, vetrarmót í fótballta fyrir 4. deildar karlalið (www.borealcup.com).

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGmennASAMBand KJALARNESPINGS

UMFÍ

HLUTI AF ÍÞRÓTTAVEISLU UMFÍ
OG 100 ÁRA AFMÆLI UMSK

BOÐHLAUP
BYKO

KÓPAVOGI
30. JÚNÍ

ALLT UM HLAUPID Á ÍTHROTTAVEISLA.IS

BYKO



Breiðablik

Aðalfundur félagsins fór fram 6. maí 2021.

Stjórn félagsins skipuðu:

Sveinn Gíslason formaður

Ásgeir Baldurs meðstjórnandi

Aðalheiður María Vigfúsdóttir meðstjórnandi

Björgvin Gestsson meðstjórnandi

Halla Garðarsdóttir meðstjórnandi

Rakel Ásgeirsdóttir meðstjórnandi

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson meðstjórnandi

Íþróttstarfið hjá Ungmennafélaginu Breiðablik var mjög líflegt eins og undanfarin ár þrátt fyrir að Covid hafi ennþá verið að stríða okkur eins og öðrum.

Breiðablik starfrækir 12 deildir en sú tólfða bættist við á árinu en það er félags- og tómstundadeild Breiðabliks sem heldur utan um rafíþróttir og eru iðkendur þar orðnir vel á annað hundrað þegar þetta er ritað.

Aðrar deildir eru Frjálsíþróttadeild, Hjólreiðadeild, Karatedeild, Knattspyrnadeild, Kraftlyftingardeild, Korfuboltadeild, Skákdeild, Skíðadeild, Sunddeild, Taekwondodeild og Þríprautadeild.

Auk starfsins deildunum heldur Breiðablik utan um íþróttaskóla yngstu barnanna en vikulega kemur mikill fjöldi barna í Smáránn undir styrkri stjórn Daða Rúnars Jónssonar og Aðalsteins Jónssonar auk aðstoðarfólks. Það er öflugur hlaupahópur starfræktur í félaginu sem hefur hist reglulega. Þá hefur verið starfandi lengi íþróttahópur eldri borgara sem Jón Sævar Þórðarson heldur úti og hefur gert með myndarskap undanfarin ár. Verkefnið Virkni og Velliðan er í fullum gangi samstarfsverkefni Breiðabliks, Gerplu og HK með stuðningi frá Kópavogsbæ og UMSK. Verkefnið snýr að heilsuæfingu eldri borgara í Kópavogi og eru tæplega 200 þáttakendur skráði í verkefnið.

Einnig hafa félögin í Kópavogi verið í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi um MK afrekssviðið og hefur það verkefni gengið mjög vel og eru í kringum 180 nemendur skráðir á afrekssviðið.

Íþróttahátíð Breiðabliks var haldin 12. janúar 2022 fyrir árangur ársins 2021

Viðurkenningarnar og handhafar þeirra voru eftirfarandi:

Íþróttakona – Agla María Albertsdóttir, knattspyrnakona

Íþróttakarl – Arnar Pétursson, frjálsíþróttakarl

Þjálfarabikar – Alberto Borges Moreno, frjálsíþróttadeild

Deildarabikar – Hjólreiðadeild

Frjálsíþróttakona – Birna Kristín Kristjánsdóttir

Frjálsíþróttakarl – Arnar Pétursson

Hjólreiðakona – Elín Kolfinna Árnadóttir

Hjólreiðakarl – Ingvar Ómarsson

Hlaupakona – Sigríður Rúna Þóroddsdóttir

Hlaupakarl – Thijs Kreukels

Karatekona – Móey María Sigþórsdóttir McClure

Karatekarl – Tómas Pálmar Tómasson

Knattspyrnakona – Agla María Albertsdóttir

Knattspyrnakarl – Viktor Karl Einarsson

Kraftlyftingakona – Sóley Margrét Jónsdóttir

Kraftlyftingakarl – Guðfinnur Snær Magnússon

Körfuknattleikskona – Isabella Ósk Sigurðardóttir

Körfuknattleikskarl – Hilmar Pétursson

Skákkarl – Vignir Vatnar Stefánsson

Skíðakarl – Björn Davíðsson

Sundkona – Freyja Birkisdóttir

Sundkarl – Patrik Viggó Vilbergsson

Þríprautarkona – Guðlaug Edda Hannesdóttir

Þríprautakarl – Sigurður Örn Ragnarsson

Þá voru Blikar fjölmennir á íþróttahátíð Kópavogs en alls áttu Blikar 6 einstaklinga sem tilnefndir voru til íþróttafólks Kópavogsbæjar fyrir árið 2021.

Tilnefningar hlutu:

Agla María Albertsdóttir – Knattspyrnudeild

Arnar Pétursson – Frjálsíþróttadeild

Ingvar Ómarsson – Hjólreiðadeild

Patrik Viggó Vilbergsson – Sunddeild

Sigurður Örn Ragnarsson – Þríprautardeild

Sóley Margrét Jónsdóttir – Kraftlyftingardeild

Það var síðan Arnar Pétursson úr frjálsíþróttadeild Breiðabliks sem valinn var íþróttamaður Kópavogs fyrir árið 2021.

Að auki unnust mörg góð afrek innan allra deilda á árinu sem er of langt mál að telja upp hér.



HK

Eftirfarandi skipuðu stjórn á starfsárinu:

Pétur Örn Magnússon formaður

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður

Unnar Hermannsson gjaldkeri

Einar Tómasson ritari

Alexander Arnarson meðstjórnandi

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir

varamaður og umboðsmaður yngri félaga og

aðstandenda

lða Brá Benediktsdóttir varamaður

Hanna Carla Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri

Starfsárið einkenndist enn og aftur af áhrifum heimsfaraldurs covid 19. Hinsvegar var félagið, starfsfólk þess og sjálfbæðið komnir í góða æfingu með að reka félagið í þessu ástandi og gekk það vonum framár. Nokkra viðburði var þó hægt að halda og má þar helst telja Ákamótið í handbolta og Krónumót að hluta í knattspyrnu.

Handknattleiksdeild:

Kvennaliðið spilaði í Olísdeildinni og endaði tímabilið 2020/21 í 7. sæti og fór í umspil við lið úr Grill 66 deildinni til að halda sæti sínu sem tókst. Karlaliðið spilaði í Grill 66 deildinni og endaði í efsta sæti með jafnmörg stig og Víkingur en þar sem það vannst sigur í báðum innbyrðis viðureignunum þá vann HK deildina og fór beint upp í Olísdeildina.

HK var einungis með u-lið kvennamegin tímabilið 2020/21 og enduðu stelpurnar í 6. sæti með 7 sigra og 1 jafntefli í 16 leikjum

Yngri flokka starfsemi HK fer fram á þremur stöðum, á Kársnesi, í Digra-nesi og svo í okkar stóru og flottu aðstöðu í Kórnum. Iðkendur eru vel yfir 500 talsins og er því ein stærsta deildin á landinu.

Knattspyrnudeild:

Árangur HK hjá meistaraflokkum karla og kvenna var undir væntingum á síðasta ári. Meistaraflokkur kvenna bjargaði sér frá falli á síðustu metr-unum en meistaraflokkur karla mistókst að halda sér í efstu deild. Hjá meistaraflokkum kvenna var mikil gleði að halda sér uppi og með nýju þjálf-arateymi hefur orðið jákvæð framþróun á liðinu og höfum við mikla trú á því sem verið er að byggja upp þar. Vonbrigðin hjá strákunum urðu mikil þegar ekki náðist tilætlaður árangur. Stefnan er nú sett á að koma félaginu sem fyrst aftur upp í efstu deild.

Yngri flokka starfsemi HK fer fram við Kórinn allt árið en svæði við Versali bættist við á sumrin þegar gras fer að gróa. Iðkendur eru í kringum 900 talsins og er því ein stærsta deildin á landinu.

Blakdeild:

Blakdeild HK átti samtals 15 lið á Íslandsmóti BLÍ 2020 – 2021, þrettán lið kepptu í neðri deildum og tvö lið kepptu í Úrvalsdeildinni. Meistaraflokkur kvenna varð í öðru sæti á Íslandsmótinu og meistaraflokkur karla í



Þriðja til fjórða sæti. Kvinnalið HK varð deildarmeistari og karlaliðið varð í öðru sæti. Kvinnalið HK voru deildarmeistarar, bikarmeistarar og meistarar meistaranna. Karlaliðið varð í 2. sæti í deildinni og komst í undanúrslit í bikarkeppni.

Árangur yngri flokka HK liða var góður á mótum en á bikarmótinu varð HK bikarmeistari í flokki U16 stúlkna. Á Íslandsmótinu urðu svo bæði U15 drengirnir og U16 stúlkurnar Íslandsmeistarar.

Borðtennisdeild:

Árangur borðtennisdeildar var með miklum ágætum þó svo að starfið hafi litast töluvert af heimsfaraldri og ekki hafi allir iðkendur skilað sér til baka eftir takmarkanir. Margir titlar skiluðu sér í hús ásamt því að eiga fulltrúa í unglingalandsliði.

Dansdeild:

Þór frá dansdeildinni tóku þátt í öllum mótum sem vól var á hér á landi en covid setti mikið strík í móta-hald og þurfti að færa mót til sem og að hætt var við mót erlendis.

Mikil fjölgun hefur verið í byrjenda og barnahópum sem er mjög gleðilegt þar sem það mun stækka keppnishóp HK til framtíðar.

Árangur dansdeildar hefur verið góður sem sýnir sig best í fjölda titla og landsliðspara.

Bandýdeild

Í ársbyrjun 2021 voru 5 flokkar virkir hjá bandýdeildinni; krakkaflokkur 10-12 ára, unglingaflokkur 13-15 ára, spílhópur 16 ára og eldri, meistaraflokkur kvenna og meistaraflokkur karla. Allir flokkarnir eru starfandi í Digranesi. Íslenska karlalandsliðið í bandý undirbjó þátttöku í undankeppni HM sem fram fer í maí, en liðið skipar talsverðum fjölda leikmanna HK. Einnig hefur kvinnalandsliðið í bandý verið sett á laggirnar, þjálfari ráðinn og voru fyrstu æfingarbúðir haldnar í október. Leikmenn úr HK skipuðu þar stóran sess. Fjöldi HK leikmanna í báðum liðum er til vitnis um gæði uppbyggingarstarfsins í HK.

Að auki starfrækir HK starf fyrir eldri borgara, hlaupahóp og er aðili að raflífróttastarfi hjá Arena.

UNG MENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNG MENNASAMBAND KJALARNESPINGS

UMFÍ

HLUTI AF ÍÞRÓTTAVEISLU UMFÍ
OG 100 ÁRA AFMÆLI UMSK

DRULLU HLAUP KRÓNUNNAR

MOSFELLSBÆ
13. ÁGÚST

ALLT UM HLAUPID Á ITHROTTAVEISLA.IS



Áritun þingjörinna skoðunarmanna

Undirritaðir, þingjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Kjalarnesþings,
höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2021 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 28. apríl 2022

Hafsteinn Pálsson

Kristján Sveinbjörnsson

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Tekjur	sl 1	173.026.299	147.192.960
		<u>173.026.299</u>	<u>147.192.960</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	sl 2	13.373.215	16.923.428
Kostnaður vegna mótahalds	sl 3	1.617.033	1.520.803
Lottó úthlutað aðildarfélögum		120.458.512	102.723.187
Lagt í afreksmannasjóð	7	10.851.650	7.882.962
Annar kostnaður	sl 4	21.112.618	18.054.167
Afskriftir		2.596.558	0
		<u>170.009.586</u>	<u>147.104.547</u>
<i>Hagnaður (tap) fyrir vexti</i>		3.016.713	88.413
Vextir			
Vaxtatekjur		507.004	391.524
Gengismunur		(199.738)	326.482
Vaxtagjöld, fjármagnstekjuskattur og þjónustugjöld		<u>(182.438)</u>	<u>(188.435)</u>
		<u>124.828</u>	<u>529.571</u>
Hagnaður ársins		<u>3.141.541</u>	<u>617.984</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir

	Skýr.	2021	2020
Fastaffjármunir			
<i>Varanlegir rekstrarffjármunir</i>			
Áhöld og búnaður		2.596.556	5.193.114
<i>Fastaffjármunir</i>		<u>2.596.556</u>	<u>5.193.114</u>
Veltuffjármunir			
Skammtímakröfur	sl 6	23.953.774	16.464.023
Bankainnstæður	sl 5	71.476.408	46.555.931
<i>Veltuffjármunir</i>		<u>95.430.182</u>	<u>63.019.954</u>
Eignir		<u>98.026.738</u>	<u>68.213.068</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	5+6		
Flutt frá fyrra ári		27.758.695	27.140.711
Hagnaður ársins		3.141.541	617.984
Eigið fé sjóða		46.766.439	27.919.789
<i>Eigið fé</i>		<u>77.666.675</u>	<u>55.678.484</u>
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir.....	sl 7	67.955	0
Ógreitt lottó.....		18.280.944	10.514.681
Laun og launatengd gjöld.....		2.011.164	2.019.903
<i>Skammtímaskuldir</i>		<u>20.360.063</u>	<u>12.534.584</u>
<i>Skuldir</i>		<u>20.360.063</u>	<u>12.534.584</u>
Eigið fé og skuldir		<u>98.026.738</u>	<u>68.213.068</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Ungmennasamband Kjalarnesþings er héraðssamband innan Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og starfar skv. lögum Ungmennasambands Kjalarnesþings samþykktum 8. febrúar 2001.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum með hliðstæðum hætti og árið áður.

Áunnið ótekið orlof fastra starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn.

3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	13.373.215	16.923.428
	<u>13.373.215</u>	<u>16.923.428</u>
Meðalfjöldi starfa	1,1	1,1

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og búnaður
Heildarverð frá fyrra ári	5.193.114
Heildarverð 31.12.2021	<u>5.193.114</u>
Afskrifað á árinu	2.596.558
Afskrifað samtals 31.12.2021	<u>2.596.558</u>
Bókfært verð 31.12.2021	<u>2.596.556</u>
Afskriftahlutföll	50%

5. Skattamál

Ungmennasamband Kjalarnesþings er ekki skattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt.

6. Eigið fé

Yfirlit eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Flutt frá fyrra ári	27.758.695
Hagnaður ársins	<u>3.141.541</u>
	<u>30.900.236</u>

Eigið fé sjóða:

100 afmælissjóður	14.300.000
Söguritunarsjóður	4.445.000
Fræðslusjóður	3.650.000
Verkefnasjóður	3.000.000
Afreksmannasjóður	21.371.439
	<u>46.766.439</u>

7. Afreksmannasjóður

Skuldbinding frá fyrra ári	13.149.789
Lagt í afreksmannasjóð 2021	10.851.650
Úthlutað úr afreksmannasjóði 2021	(2.630.000)
	<u>21.371.439</u>

Sundurliðanir

	2021	2020
1. Tekjur		
Íslenskar getraunir	1.280.577	1.412.572
Lottó ÍSÍ	60.422.522	51.062.347
Lottó UMFÍ	78.332.640	61.551.390
Aukaúthlutun ÍSÍ og UMFÍ	14.768.408	17.415.600
Skattar aðildarféлага	2.707.170	1.843.350
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	13.816.863	12.319.424
Aðrir styrkir og tekjur	1.698.119	1.588.277
	<u>173.026.299</u>	<u>147.192.960</u>
2. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld	13.325.591	16.519.280
Áunnið orlof	47.624	54.148
Ökutækjastyrkir	0	350.000
	<u>13.373.215</u>	<u>16.923.428</u>
3. Kostnaður vegna mótahalds		
Búningar	422.146	0
Dansmót UMSK	53.019	0
Drulluhlaup	27.964	152.626
Eldriborgaraverkefni	0	605.108
Fyrirtækjaboðhlaup	450.190	305.928
Íþróttaveisla	0	124.000
Rafleikir	0	250.000
Sjúkrakassi, spritt og grímur	0	14.400
Skönnunarverkefni	581.744	0
Sundmót	0	63.451
Verðlaun	81.970	5.290
	<u>1.617.033</u>	<u>1.520.803</u>

4. Annar kostnaður

Aðkeypt þjónusta	795.645	200.240
Áhöld og búnaður	167.230	287.099
Bókhald, reikningagerð	473.432	365.552
Bækur, timarit	9.146	2.990
Ferðakostnaður	1.048.784	647.418
Framlög og styrkir	3.645.250	1.989.037
Úthlutað vegna covid	0	10.000.000
Hátið í Guðmundarlundi	0	62.062
Húsaleiga	810.960	772.272
Húsnæðiskostnaður annar	24.800	
Kostnaður vegna kerru	540.000	921.393
Kynningar og fræðslumál	0	72.300
Ritföng, pappír, prentun	995	16.194
Símakostnaður, internet	284.105	256.822
Söguritunarsjóður	4.400.000	0
100 afmælisjóður	6.000.000	0
Tryggingar	48.378	75.095
Tölvukostnaður	477.687	901.321
Veitingar, fundakostnaður	823.889	648.351
Þing og sérráð	1.562.317	806.021
Sumarhús afskrifað	0	30.000
	<u>21.112.618</u>	<u>18.054.167</u>

5. Bankainnstæður

Hlaupareikningur 8080 í Íslandsbanka	2.344.574	860.588
Trompbók 300034 í Íslandsbanka	57.051.562	34.446.384
Afreksmannasjóður reikningur 407716 í Íslandsbanka	1.625.991	892.928
Bakhjarl reikningur 660086 í Íslandsbanka	8.185.366	7.887.378
Evrureikningur 711221	2.268.915	2.468.653
	<u>71.476.408</u>	<u>46.555.931</u>

6. Skammtímakröfur

UMFÍ	16.465.050	7.412.690
ÍSÍ	7.488.724	9.051.333
	<u>23.953.774</u>	<u>16.464.023</u>

7. Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður	67.955	0
	<u>67.955</u>	<u>0</u>



**Ótrúlegustu draumar
rætast þegar við
spilum saman**



LEIKURINN OKKAR